



BLÍ



BLAKSAMBAND ÍSLANDS



# Ársskýrsla

2012-2013



## Efnisyfirlit

|                                               |    |
|-----------------------------------------------|----|
| Stjórn BLÍ .....                              | 4  |
| Nefndir BLÍ .....                             | 5  |
| Árþing BLÍ 8. júní 2013 .....                 | 6  |
| Dagskrá .....                                 | 7  |
| Skýrsla stjórnar BLÍ 2012-2013 .....          | 8  |
| Stjórn og framkvæmdastjórn .....              | 8  |
| Móta- og dómaramál.....                       | 8  |
| Fjölmiðlar og samskipti.....                  | 8  |
| Afmæli .....                                  | 9  |
| Erlend samskipti .....                        | 9  |
| Fjármál.....                                  | 9  |
| Framtíðin .....                               | 9  |
| Skýrsla mótanefndar BLÍ.....                  | 10 |
| Haustmót BLÍ .....                            | 10 |
| Mikasadeild kvenna.....                       | 10 |
| Mikasadeild karla.....                        | 11 |
| Árs- og uppskeruhátíð BLÍ .....               | 13 |
| Deildakeppni.....                             | 13 |
| Asicsbikarinn 2013.....                       | 17 |
| Lokaorð .....                                 | 20 |
| Strandblak - Ársskýrsla fyrir árið 2012 ..... | 20 |
| Mót .....                                     | 20 |
| Stigamót BLÍ.....                             | 21 |
| Unglingamót BLÍ .....                         | 25 |
| Stigameistarar í strandblaki.....             | 26 |
| Lokaorð .....                                 | 28 |
| Fundargerð Öldungabings .....                 | 28 |
| Reglugerð um Öldungamót BLÍ .....             | 29 |
| Skýrsla dómaranefndar BLÍ.....                | 31 |
| Skýrsla Landsliðsnefndar .....                | 35 |
| Karlalandslið Íslands .....                   | 35 |
| Kvennalandslið Íslands .....                  | 37 |
| Unglingalandslið Íslands .....                | 38 |
| Landsliðin í strandblaki .....                | 40 |
| Skýrsla yngriflokkaneftdar BLÍ .....          | 41 |

|                                                      |    |
|------------------------------------------------------|----|
| Íslandsmót yngriflokka .....                         | 41 |
| Afreksbúðir unglunga. ....                           | 42 |
| Starfsemi Yngriflokkaneðndar BLÍ. ....               | 43 |
| Ársreikningur 2012 .....                             | 44 |
| Viðaukar .....                                       | 53 |
| Staða gulra spjalda .....                            | 53 |
| Dómarayfirlit .....                                  | 53 |
| Listi yfir þá sem hlotið hafa heiðursmerki BLÍ ..... | 55 |
| Blakmenn ársins frá upphafi.....                     | 56 |

# Blaksamband Íslands

2012-2013

## Stjórn BLÍ

|                         |                                                                |
|-------------------------|----------------------------------------------------------------|
| <b>Formaður</b>         | Jason Ívarsson                                                 |
| <b>Varaformaður</b>     | Stefán Jóhannesson                                             |
| <b>Gjaldkeri</b>        | Aðalsteinn Einar Eymundsson                                    |
| <b>Ritari</b>           | Svala Vignisdóttir                                             |
| <b>Meðstjórnandi</b>    | Kristján Geir Guðmundsson                                      |
| <b>Varastjórn</b>       | Óskar Hauksson<br>Hreggviður Norðdahl<br>Valdimar Hafsteinsson |
| <b>Framkvæmdastjóri</b> | Sævar Már Guðmundsson                                          |

## Nefndir BLÍ

### Mótanefnd

Kristján Geir Guðmundsson / Sævar Már Guðmundsson  
Hrafnhildur Theódórsdóttir  
Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

### Landsliðsnefnd

Stefán Jóhannesson  
Svala Vignisdóttir  
Aðalsteinn Einar Eymundsson  
Mundína Ásdís Kristinsdóttir

### Dómaranefnd

Jón Ólafur Valdimarsson  
Ólafur Jóhann Júlíusson  
Lilja Margrét Hreiðarsdóttir

### Yngriflokkanefnd

Guðrún Kristín Einarsdóttir  
Ásta Sigrún Gylfadóttir  
Friðrika Marteinsdóttir  
Emil Gunnarsson  
Miglena Apostolova  
Sigurveig Róbertsdóttir  
Valgeir Hilmarsson

### Aganefnd

Hreggviður Norðdahl  
Jón Gunnar Sveinsson  
Þorvaldur Sigurðsson

### Strandblaknefnd

Karl Sigurðsson  
Einar Sigurðsson  
Brynjar Júlíus Pétursson

### Skoðunarmenn reikninga

Davíð Búi Halldórsson  
Hjörtur Halldórsson

### Fjölmiðlafulltrúar

Stefán Jóhannesson  
Jason Ívarsson

### Nefnd vegna Öldungamóta

Svala Vignisdóttir  
Hreggviður Norðdahl  
Björn Guðbjörnsson  
Jón Ólafur Valdimarsson  
Björg Ragna Erlinsdóttir  
Hrafnhildur Theódórsdóttir

### Nefnd vegna reglugerðar um Íslandsmót

Valdimar Hafsteinsson  
Óskar Hauksson  
Steinn Einarsson  
Sigurbjörn Árni Arngrímsson  
Sævar Már Guðmundsson

**Fjöldi blakiðkenda frá 1969 og fulltrúar á blakþingi árið 2013**

| ár   | fjöldi | ár   | fjöldi | ár   | fjöldi | ár   | fjöldi |
|------|--------|------|--------|------|--------|------|--------|
| 1969 | 206    | 1980 | 2579   | 1991 | 2567   | 2002 | 1786   |
| 1970 | 237    | 1981 | 2513   | 1992 | 2200   | 2003 | 1981   |
| 1971 | 479    | 1982 | 2519   | 1993 | 2074   | 2004 | 1830   |
| 1972 | 649    | 1983 | 2426   | 1994 | 1848   | 2005 | 1624   |
| 1973 | 855    | 1984 | 2362   | 1995 | 1961   | 2006 | 1827   |
| 1974 | 1334   | 1985 | 2362   | 1996 | 1592   | 2007 | 1918   |
| 1975 | 1609   | 1986 | 2775   | 1997 | 1592   | 2008 | 2076   |
| 1976 | 1974   | 1987 | 2955   | 1998 | 1217   | 2009 | 2005   |
| 1977 | 2257   | 1988 | 2906   | 1999 | 1662   | 2010 | 2013   |
| 1978 | 2501   | 1989 | 2869   | 2000 | 1862   | 2011 | 2316   |
| 1979 | 2567   | 1990 | 2718   | 2001 | 1345   | 2012 | 2337   |

**Árspaning BLÍ 8. júní 2013**

| Íþróttabandalag / Héraðssamband                   | Merki | Fjöldi<br>iðkenda | Fulltrúar á<br>þingi | Fulltr.v/liða |
|---------------------------------------------------|-------|-------------------|----------------------|---------------|
| Héraðssambandið Hrafnafloki                       | HHF   | 38                | 2                    |               |
| Héraðssamband Snæfellsness- og<br>Hnappadalssýslu | HSH   | 254               | 8                    |               |
| Héraðssambandið Skarphéðinn                       | HSK   | 185               | 6                    |               |
| Héraðssamband Vestfirðinga                        | HSV   | 79                | 4                    |               |
| Héraðssamband Þingeyinga                          | HSP   | 119               | 5                    |               |
| Íþróttabandalag Akraness                          | ÍA    | 14                | 1                    |               |
| Íþróttabandalag Akureyrar                         | ÍBA   | 162               | 6                    | 2             |
| Íþróttabandalag Reykjavíkur                       | ÍBR   | 384               | 10                   | 3             |
| Ungmenna og íþróttasamband Austurlands            | ÚÍA   | 288               | 8                    | 2             |
| Ungmenna og íþróttasamband Fjallabyggðar          | UÍF   | 57                | 3                    |               |
| Ungmennasamband Borgarfjarðar                     | UMSB  | 17                | 1                    |               |
| Ungmennasamband Eyjafjarðar                       | UMSE  | 19                | 1                    |               |
| Ungmennasamband Kjalarnesþings                    | UMSK  | 633               | 15                   | 7             |
| Ungmennasambandið Úlfliótur                       | USÚ   | 88                | 4                    |               |
| Samtals                                           |       | 2337              | 74                   | 14            |
| Samtals<br>fulltrúar                              |       |                   |                      | 88            |



## Dagskrá

41. ársþings BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík,  
laugardaginn 8. júní 2013, kl. 09.00

1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara
2. Kosning í starfsnefndir þingsins;
  - a) Kjörbréfanefnd
  - b) Fjárhagsnefnd,
  - c) Laga- og leikreglnanefnd,
  - d) Allsherjarnefnd,
  - e) Uppstillingarnefnd
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar síðasta starfsárs
5. Ávarp fulltrúa ÍSí
6. Ávarp annarra boðsgesta
7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs
8. Laga- og leikreglnabreytingar
9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið
10. Umræður um framkomin mál og tillögur

### Þinghlé

11. Nefndarstörf
12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur
13. Ákveðið gjald ævifélaga
14. Önnur mál
15. Kosningar;
  - a) formanns BLÍ til tveggja ára
  - b) tveggja meðstjórnenda til tveggja ára,
  - c) þriggja í varastjórn til eins árs,
  - d) tveggja skoðunarmanna reikninga

### Þingslit

## Skýrsla stjórnar BLÍ 2012-2013

### Stjórn og framkvæmdastjórn

Á 40. Ársþingi BLÍ voru Stefán Jóhannesson og Kristján Geir Guðmundsson endurkjörnir í stjórn sambandsins næstu tvö ár. Verkaskipting stjórnar var lögð fyrir fyrsta stjórnarfund þannig að Stefán Jóhannesson tók sæti varaformanns að nýju, Aðalsteinn Eymundsson gjaldkeri, Svala Vignisdóttir, ritari og Kristján Geir Guðmundsson meðstjórnandi. Í varastjórn voru kosnir Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl og Valdimar Hafsteinsson.

Á starfsárinu voru haldnir 8 stjórnarfundir, allir í húsakynnum BLÍ í Laugardal. Stjórn BLÍ hafði töluverð samskipti í tölvubréfum og símtölum. Sævar Már Guðmundsson var áfram framkvæmdastjóri sambandsins í fullu starfi.

Stefán Jóhannesson tók að sér landsliðsnefndina, Jón Ólafur Valdimarsson formaður dómaranefndar og Guðrún Kristín Einarsdóttir formaður yngriflokkaneftndar. Kristján Geir Guðmundsson tók að sér formennsku í mótanefnd BLÍ og Karl Sigurðsson var áfram formaður strandblakneftndar. Aganefnd var skipuð þeim Hreggviði Norðdahl, Jóni Gunnari Sveinssyni og Þorvaldi Sigurðssyni.

### Móta- og dómaramál

Íslandsmót BLÍ stækkaði töluvert á milli ára. Alls voru 77 lið skráð í Íslandsmót á leiktímabilinu. Leikið var í þremur deildum í karlaflokk og sex deildum í kvennaflokk þar sem fjölgað var um þrjár deildir, sem er mjög jákvætt.

MIKASA var áfram styrktaraðili efstu deildanna í blaki karla og kvenna en þar voru alls 14 lið, 8 kvennalið og 6 karlalið. Sportís og Asics umboðið á Íslandi styrktu bikarkeppnina eins og árið á undan en samstarf við þessi fyrirtæki hefur verið gott. Almenn ánægja er með þessa föstu styrktaraðila fyrir keppnir sambandsins og styrktaraðilar ánægðir með sinn hlut.

Í fyrsta sinn í langan tíma þurfti að vinna þrjá leiki til að vinna Íslandsmeistaratitil karla eða kvenna. Úrslitakeppni var meðal fjögurra efstu liða í hvorri deild fyrir sig eftir að deildakeppni var lokið. Vinna þurfti tvo leiki í undanúrslitunum en þeir sigurleikir gáfu rétt til að leika um Íslandsmeistaratitilinn. Engin úrslitakeppni var á milli landshluta í 2. og 3. deild karla og kvenna og voru því krýndir deildarmeistarar í landshlutunum.

Dómaramál sambandsins voru í ágætum farvegi. Vandamál komu upp og leystust á fundum dómaranefndar sem voru fjórir talsins á leiktímabilinu. Ferðakostnaður vegna dómara jókst til muna við fjölgun leikja á landsbyggðinni og þarf nefndin að fara að huga að því að fjölga dómurum á landsbyggðinni. Nokkur námskeið voru haldin en finna má allt um þau mál í skýrslu dómaranefndar.

Alþjóðadómarar BLÍ fengu fjölmörg verkefni á þessu starfsári. Leifur Harðarson þurfti að hætta vegna aldurs og dæmdi sinn síðasta leik í Bergen í Noregi í nóvember á síðasta ári. Yfirlit yfir dæmda leiki hjá alþjóðadómurum BLÍ er að finna í skýrslu dómaranefndar.

### Fjölmiðlar og samskipti

Eins og ævinlega fær blakhreyfingin lítið pláss í fjölmiðlum. BLÍ hefur markvisst stefnt að því að koma þessum hlutum í lag og með góðri hjálp félaganna hefur það tekist ágætlega á þessu leiktímabili. BLÍ er með sína eigin heimasíðu sem var bætt til muna á 40 ára afmælinu í nóvember. Það er áfram mikilvægt fyrir félögin að standa að eigin heimasíðu og að þau sendi sjálf fréttir til fjölmiðla og sérstaklega úrslit leikja.

RÚV sýndi beint frá bikarúrslitunum í mars en Sportís og Asics voru kostunaraðilar útsendingarinnar. Landsmenn fengu þar glæsilega leiki bæði í karla og kvenna enda fóru þeir báðir í oddahrinu. Þá var



leikjunum jafnframt lýst beint í textalýsingu á [www.mbl.is](http://www.mbl.is). Úrslitakeppnin fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum enda langt síðan svo mikil spennan hefur verið um hvaða lið myndi hampa Íslandsmeistaratitlinum.

Samskiptin við félögin voru góð en heimasíðan og tölvupóstur eru sterkustu tækin til þess að miðla upplýsingum til félaganna.

## **Afmæli**

Þann 11. nóvember voru liðin 40 ár frá stofnun Blaksambandsins. Tímamótanna var minnst með kaffisamsæti í húsakynnum ÍSÍ á afmælisdaginn. Albert H.N. Valdimarsson fór nokkrum orðum um tilurð þess að sambandið var stofnað.

Stjórn BLÍ ákvað að gera alla fyrrverandi formenn sambandsins að heiðursformönnum og fengu þeir skjal því til staðfestingar. Að auki voru nokkrir aðrir sæmdir gull- og silfurmerkjum sambandsins.

Í lok árs 2012 útnefndi stjórn BLÍ þau Orra Þór Jónsson og Hjördísi Eiríksdóttir blakfólk ársins. Bæði eru þau fyrirmynd ungra blakiðkenda, stóðu sig mjög vel með sínum félagsliðum og áttu góða leiki landsliðunum á árinu.

## **Erlend samskipti**

Jason Ívarsson, formaður BLÍ, sótt heimsþing FIVB í Anaheim í Bandaríkjunum í byrjun september. Þá sótti hann einnig Evrópuþing CEV í október sem haldið var í Luxemburg. Þar sótti hann einnig aðalfundi NEVZA og SCD.

## **Fjármál**

Velta Blaksambands Íslands var um 29 milljónir á síðasta ári og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði rétt rúmar 2 milljónir króna. Veltan var svipuð á milli ára en skuldirnar hafa minnkað og er það jákvætt skref.

## **Framtíðin**

Starfsemi Blaksambands Íslands hefur aukist mikið síðustu árin. Umfang mótahaldsins hefur vaxið ört og verkefnum landsliða fjölga. Í fyrsta sinn í sögunni sendi BLÍ A landslið karla og kvenna til keppni í heimsmeistaramótið. Það er skref í rétta átt og koma allir til með að læra af reynslunni sem fæst með því að taka þátt í slíku móti.

Blakfélögin og Blaksambandið eru í samvinnu með það að gera íþróttina aðlaðandi fyrir fjölmiðla og ekki síst almenning. Félögin eru hvött til þess að vinna markvisst að því að fjölga áhorfendum á blakleikjum og búa til umgjörð sem er aðlaðandi og skemmtileg.

Stjórn Blaksambands Íslands þakkar öllum þeim sem störfuðu að málefnum hreyfingarinnar í landinu fyrir gott samstarf á liðnu starfsári með hvatningu um að halda áfram að starfa að framgangi íþróttarinnar.

*Stjórn Blaksambands Íslands*

## Skýrsla mótanefndar BLÍ

Stjórn sambandsins skipaði Kristján Geir Guðmundsson formann mótanefndar BLÍ á sínum fyrsta fundi þann 5. Júní 2012. Með honum í nefndinni voru þær Hrafnhildur Theódórsdóttir og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir. Sævar Már Guðmundsson var starfsmaður nefndarinnar og sat alla fundi.

Félögum var gefinn tími til 1. júlí að staðfesta þátttöku í deildakeppni og sækja um mótshald fyrir leiktímabilið. Drög að viðburðadagatali voru gefin út þann 20. júní. Úthlutun móta var þann 13. júlí 2012 en þá lá ljóst fyrir að 77 lið myndu taka þátt í deildakeppni BLÍ, 57 kvennalið og 20 karlalið. Leikið yrði í 6 deildum í kvennaflokki og 3 deildum í karlaflokki.

Óskað var eftir skráningum í bikarkeppni BLÍ í september en búið var að gefa út að mótin yrðu í Mosfellsbæ og í Neskaupstað. Úrslitahelgin yrði eins og mörg undanfarin ár í Laugardalshöll. Vandamál komu upp vegna dagsetninga þeirrar helgar í bikarnum vegna annarra viðburða í Laugardalshöll og þurfti að breyta viðburðadagatalinu umtalsvert í október. Í samráði við félögin í nóvember var dagatalinu breytt aftur til þess að koma í veg fyrir árekstra við yngriflokkamót. Á þessum tímapunkti hafði Kristján Geir sagt af sér sem formaður mótanefndar og formennskan fór yfir á Sævar Má Guðmundsson, framkvæmdastjóra.

Úrslitahelgin í Asicsbikarnum tókst vel. Í fyrsta sinn var notast við miðasölukerfi, midi.is og gekk það samstarf vel þó að fleiri miða hefði mátt selja. Blakdeild Aftureldingar sá um veitingasölu og umsjón með leikjunum og samstarfið gekk vel. Blakdeildinni eru hér færðar sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf á bikarhelginni.

Í vetur fóru fram 576 opinberir blakleikir, 536 leikir í deild og úrslitakeppni og 40 leikir í Asicsbikarnum. Þetta er fjölgun um 41 leik frá leiktímabilinu á undan. Hér á eftir koma úrslitatölur úr öllum opinberum mótum BLÍ en úrslit einstakra leikja má finna á [www.blak.is](http://www.blak.is).

Öldungamót BLÍ var haldið í Kórnum í Kópavogi dagana 28.-30. apríl 2013 í umsjón HK. Mótið bar nafnið Hkarlinn 2013 og var það stærsta frá upphafi þar sem 144 lið mættu til leiks. Alls var leikið á 13 völlum samtímis og í fyrsta sinn var leikið í knattspyrnuhöll sem var gerð að sannkallaðri blakhöll. Alls voru spilaðir 432 leikir í mótinu og lokahófið í Digranesi taldi um 800 manns en talið er að um 1250 þátttakendur hafi sótt Hkarlinn.

Næsta Öldungamót BLÍ verður á Akureyri í umsjón blakdeildar KA.

### **Haustmót BLÍ**

Stjórn BLÍ fékk Blakdeild HK Haustmót BLÍ árið 2012. Mótið var haldið óvenju snemma enda tími til kominn að lengja leiktímabilið. Laugardaginn 15. september fór Haustmót BLÍ í gang í Fagralundi í Kópavogi. Alls skráðu 19 lið sig til leiks að þessu sinni, 15 kvennalið og 4 karlalið. Haustmótsmeistarar voru HK í karlaflokki og Afturelding í kvennaflokki.

### **Mikasadeild kvenna**

Liðum fjölgaði í Mikasadeild kvenna fyrir leiktímabilið þegar Fylkir ákvað að reyna fyrir sér í efstu deild. Liðin voru 8 talsins og leikin var tvöföld umferð. Fyrsti leikurinn í deildinni var föstudaginn 21. september 2012 og sá síðast 9. mars. Deildarmeistarar 2013 var lið Þróttar Nes.

## Lokastaða þann 9. mars 2013

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |      | Hlutfall  | Stig |
|------|-------------|--------|--------|----|-----------|------|-----------|------|
| 1.   | Þróttur N   | 14     | 42     | 5  | 1155      | 764  | 8,40-1,51 | 41   |
| 2.   | Afturelding | 14     | 37     | 10 | 1114      | 798  | 3,70-1,40 | 34   |
| 3.   | HK          | 14     | 34     | 12 | 1080      | 861  | 2,83-1,25 | 33   |
| 4.   | Stjarnan    | 14     | 27     | 21 | 1056      | 1013 | 1,29-1,04 | 24   |
| 5.   | Þróttur R.  | 14     | 19     | 28 | 953       | 1042 | 0,68-0,91 | 17   |
| 6.   | Ýmir        | 14     | 16     | 31 | 866       | 1076 | 0,52-0,80 | 12   |
| 7.   | KA          | 14     | 6      | 40 | 723       | 1092 | 0,15-0,66 | 4    |
| 8.   | Fylkir      | 14     | 8      | 42 | 875       | 1176 | 0,19-0,74 | 3    |

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var Hjördís Eiríksdóttir leikmaður Stjörnunnar með 225 stig en hún var stigahæst í sókn með 163 stig og uppgjöfum 45 stig. Stigahæst í hávörn var Erla Rán Eiríksdóttir með 32 stig. Yfirlit stiga leikmanna er hægt að finna á heimasíðu BLÍ.

## Úrslitakeppni kvenna

Leikin var úrslitakeppni að lokinni Mikasadeildinni meðal fjögurra efstu liðanna. Leikið var með hefðbundnu sniði þar sem liðið í efsta sæti mætti liðinu í 4. sæti í undanúrslitum og 2. og 3. sætið léku saman. Vinna þurfti tvo leiki til að komast í úrslitaviðureignina en þar var leikið upp á 3 unna leiki í fyrsta sinn í nokkuð langan tíma.

Próttur Nes hampaði Íslandsmeistaratitlinum í blaki kvenna árið 2013 eftir að hafa farið taplaust í gegnum úrslitakeppnina. Liðið mætti fyrst liði Stjörnunnar og vann þá rimmu í tveimur leikjum. Þá mætti Próttur Nes liði HK í úrslitunum en HK vann Aftureldingum 2-1 í leikjum undanúrslitanna. Próttur Nes varð Íslandsmeistari laugardaginn 6. apríl á heimavelli sínum í Neskaupstað. Það var Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ sem afhenti Þrótti Nes bikarinn í troðfullu íþróttahúsi í Neskaupstað.

## Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni kvenna:

| Dags.     | Heimalið    | Útilið      | Völlur        | Úrslit                                 |
|-----------|-------------|-------------|---------------|----------------------------------------|
| 11.3.2013 | Próttur N   | Stjarnan    | Neskaupstaður | 3-1 (25-17, 25-18, 19-25, 25-7)        |
| 11.3.2013 | Afturelding | HK          | Varmá         | 3-1 (25-14, 17-25, 25-23, 25-17)       |
| 13.3.2013 | Stjarnan    | Próttur N   | Ásgarður      | 1-3 (25-17, 12-25, 10-25, 15-25)       |
| 13.3.2013 | HK          | Afturelding | Fagrilundur   | 3-0 (25-14, 25-22, 25-13)              |
| 18.3.2013 | Afturelding | HK          | Varmá         | 2-3 (17-25, 25-21, 22-25, 25-21, 8-15) |
| 2.4.2013  | Próttur N   | HK          | Neskaupstaður | 3-1 (25-19, 19-25, 25-17, 29-27)       |
| 4.4.2013  | HK          | Próttur N   | Fagrilundur   | 0-3 (18-25, 14-25, 17-25)              |
| 6.4.2013  | Próttur N   | HK          | Neskaupstaður | 3-2 (25-18, 25-23, 20-25, 8-25, 15-9)  |

## Íslandsmeistarar Þróttar N:

Kristín Salín Þórhallsdóttir, fyrirliði, Sunna Júlía Þórðardóttir, Lilja Einarsdóttir, Eydis Elva Gunnarsdóttir, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, Lauren Laquerre, Hjördís Marta Óskarsdóttir, Hulda Elma Eysteinsdóttir, Bergrós Arna Sævarsdóttir, Sæunn Skúladóttir, Erla Rán Eiríksdóttir, Helena Líf Magnúsdóttir, Matthías Haraldsson, þjálfari, Stefán Jóhannsson, liðsstjóri.

## Mikasadeild karla

Í fyrsta sinn í sögu blakdeildar Aftureldingar sendi félagið lið til keppni í efstu deild karla. Þá kom lið Þróttar Nes aftur inn í efstu deildina eftir 12 ára fjarveru og liðin voru því 6 talsins í Mikasadeild karla

og leikin var þreföld umferð á keppnistímabilinu. Fyrstu leikir voru 21. september og síðasti leikurinn þann 9. mars. Deildarmeistarar í Mikasadeild karla var lið HK.

#### Lokastaðan þann 9. mars 2013.

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |      | Hlutfall  | Stig |
|------|-------------|--------|--------|----|-----------|------|-----------|------|
| 1.   | HK          | 15     | 39     | 17 | 1315      | 1145 | 2,29-1,15 | 35   |
| 2.   | Stjarnan    | 15     | 39     | 21 | 1383      | 1239 | 1,86-1,12 | 32   |
| 3.   | KA          | 15     | 35     | 26 | 1378      | 1343 | 1,35-1,03 | 29   |
| 4.   | Þróttur N   | 15     | 26     | 32 | 1271      | 1310 | 0,81-0,97 | 19   |
| 5.   | Þróttur R.  | 15     | 26     | 34 | 1286      | 1341 | 0,76-0,96 | 18   |
| 6.   | Afturelding | 15     | 9      | 44 | 1016      | 1271 | 0,20-0,80 | 2    |

Stigahæsti leikmaður deildarinnar var leikmaður KA, Piotr Kempisty með 345 stig en hann varð stigahæstur í sókn með 288 stig og í uppgjöfum með 36 stig. Stigahæstur í hávörn var Fannar Grétarsson með 38 stig. Yfirlit stiga leikmanna er að finna á heimasíðu BLÍ.

#### Úrslitakeppni karla

Leikin var úrslitakeppni að lokinni Mikasadeildinni meðal fjögurra efstu liðanna. Leikið var með hefðbundnu sniði þar sem liðið í efsta sæti mætti liðinu í 4. sæti í undanúrslitum og 2. og 3. sætið léku saman. Vinna þurfti tvo leiki til að komast í úrslitaviðureignina en þar var leikið upp á 3 unna leiki í fyrsta sinn í nokkuð langan tíma.

HK hampaði Íslandsmeistaratitlinum í blaki karla annað árið í röð. Liðið mætti fyrst Þrótti Nes og vann rimmuna örugglega 2-0 án þess að tapa hrinu. Í hinni undanúrslitaviðureigninni léku Stjarnan og KA og fór sú ríma í oddaleik í Ásgarði. Þar vann gestaliðið frá Akureyri í hörkuleik 2-3 og komst þar af leiðandi í úrslitaviðureignina gegn HK.

HK varð Íslandsmeistari fimmtudaginn 11. apríl á sínum heimavelli í Fagralundi í Kópavogi. Einvígið varð 5 leikja barátta liðanna þar sem allir leikir unnust á heimavelli. Jason Ívarsson, formaður BLÍ afhenti HK Íslandsmeistaratitlinn í blaki karla 2013.

#### Úrslit einstakra leikja í úrslitakeppni kvenna:

| Dags.     | Heimalið  | Útilið    | Völlur        | Úrslit                                  |
|-----------|-----------|-----------|---------------|-----------------------------------------|
| 12.3.2013 | HK        | Þróttur N | Fagrilundur   | 3-0 (25-18, 25-11, 25-8)                |
| 12.3.2013 | Stjarnan  | KA        | Ásgarður      | 3-2 (22-25, 29-31, 25-21, 25-16, 15-10) |
| 14.3.2013 | Þróttur N | HK        | Neskaupstaður | 0-3 (21-25, 23-25, 23-25)               |
| 14.3.2013 | KA        | Stjarnan  | KA heimilið   | 3-1 (25-22, 25-22, 25-27, 25-20)        |
| 17.3.2013 | Stjarnan  | KA        | Ásgarður      | 2-3 (25-19, 13-25, 25-21, 23-25, 9-15)  |
| 3.4.2013  | HK        | KA        | Fagrilundur   | 3-1 (18-25, 25-14, 25-22, 25-15)        |
| 5.4.2013  | KA        | HK        | KA heimilið   | 3-1 (25-20, 23-25, 27-25, 25-19)        |
| 7.4.2013  | HK        | KA        | Fagrilundur   | 3-1 (20-25, 26-24, 25-20, 25-19)        |
| 9.4.2013  | KA        | HK        | KA heimilið   | 3-1 (25-23, 25-19, 19-25, 25-20)        |
| 11.4.2013 | HK        | KA        | Fagrilundur   | 3-1 (26-28, 25-9, 25-21, 25-22)         |

#### Íslandsmeistarar HK:

Brynjar Júlíus Pétursson, fyrirliði, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Lúðvík Már Matthíasson, Ingólfur Hilmar Guðjónsson, Andreas Hilmir Halldórsson, Alexander Stefánsson, Kolbeinn Tumi Baldursson,

Einar Sigurðsson, Orri Þór Jónsson, Ágúst Máni Hafþórsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, þjálfari og Ólafur Jóhann Júlíusson aðstoðarþjálfari.

## **Árs- og uppskeruhátíð BLÍ**

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ var haldin í Þróttaraheimilinu í Laugardal föstudaginn 26. apríl sl. Á hátíðinni var einstaklingum veitt verðlaun fyrir góðan árangur og bestu og efnilegustu leikmenn útnefndir ásamt besta dómaranum.

Auk þeirra verðlauna sem búið er að geta hér að ofan voru veitt verðlaun fyrir bestu frelsingja, bestu uppspilara og bestu þjálfara í liði ársins. Þá var útnefndur besti dómari tímabilsins.

### **Lið ársins í Mikasadeild karla 2012-2013**

- Piotr Kempisty, KA, flest stig í sókn, uppgjöf og samtals
- Fannar Grétarsson, Þrótti Reykjavík, flest stig í hávörn
- Filip Szewczyk, KA, besti uppspilarinn
- Kolbeinn Tumi Baldursson, HK, besti frelsinginn
- Elsa Sæný Valgeirsdóttir, HK, besti þjálfarinn

### **Lið ársins í Mikasadeild kvenna 2012-2013**

- Hjördís Eiríksdóttir, Stjörnunni, flest stig í sókn, uppgjöf og samtals
- Erla Rán Eiríksdóttir, Þrótti Nes, flest stig í hávörn
- Kristín Salín Þórhallsdóttir, Þrótti Nes, besti uppspilarinn
- Kristina Apostolova, Aftureldingu, besti frelsinginn
- Matthías Haraldsson, Þrótti Nes, besti þjálfarinn

### **Efnilegustu leikmenn tímabilsins**

- Thelma Dögg Grétarsdóttir, Aftureldingu
- Ævarr Freyr Birgisson, KA

### **Bestu leikmenn tímabilsins**

- Hulda Elma Eysteinsdóttir, Þrótti Nes
- Piotr Kempisty, KA

### **Besti dómari tímabilsins**

- Sævar Már Guðmundsson

Árs- og uppskeruhátíð BLÍ fór vel fram að þessu sinni. Hjálmar Hjálmarsson kom og skemmti fólki með uppistandi fyrir tilstilli afmælisbarns helgarinnar en Stefán Jóhannesson, varaformaður BLÍ varð fimmtugur þann 27. apríl. Blakdeild Þróttar sá um kvöldið og veitingaþjónusta frá Café Easy reiddi fram dýrindis máltíð og svo var diskótek frameftir kvöldi.

## **Deildakeppni**

### **2. deild karla**

Aðeins voru 6 lið í 2. deild karla á þessari leiktíð. Leikin var tvöföld umferð og engin úrslitakeppni þar sem ekki voru lið í öðrum landshlutum í keppni. Ungmennafélag Hrunamanna hampaði deildarmeistaratitli í 2. deild karla 2013.

### Lokastaða þann 18. mars 2013

| Sæti | Félag      | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | UMFH       | 10     | 25     | 14 | 923       | 838 | 1,79-1,10 | 22   |
| 2.   | Fylkir     | 10     | 23     | 15 | 845       | 812 | 1,53-1,04 | 19   |
| 3.   | HK B       | 10     | 22     | 16 | 896       | 795 | 1,38-1,13 | 18   |
| 4.   | Stjarnan 2 | 10     | 20     | 18 | 830       | 847 | 1,11-0,98 | 17   |
| 5.   | Hamar      | 10     | 13     | 25 | 781       | 872 | 0,52-0,90 | 8    |
| 6.   | UMFG       | 10     | 9      | 24 | 687       | 798 | 0,38-0,86 | 6    |

### 2. deild kvenna

Alls tóku 13 lið þátt í 2. deild kvenna. Átta lið voru í suður riðlinum og 5 lið í austur riðlinum. Þegar liða tók á haustið hætti Valur við þátttöku í deildinni og voru þá aðeins 4 lið eftir í keppninni fyrir austan.

Í 2. deild kvenna suður hampaði HK b deildarmeistaratitlinum með yfirburðum en spennan var mikil um miðja deildina og botnbaráttuna. Stjarnan C endaði neðst og fellur um deild.

### Lokastaðan í 2. deild kvenna Suður 17. mars 2013

| Sæti | Félag         | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |      | Hlutfall  | Stig |
|------|---------------|--------|--------|----|-----------|------|-----------|------|
| 1.   | HK b          | 14     | 40     | 7  | 1123      | 858  | 5,71-1,31 | 37   |
| 2.   | UMFG          | 14     | 33     | 26 | 1279      | 1218 | 1,27-1,05 | 26   |
| 3.   | Afturelding B | 14     | 29     | 26 | 1156      | 1149 | 1,12-1,01 | 23   |
| 4.   | ÍK            | 14     | 28     | 33 | 1238      | 1319 | 0,85-0,94 | 18   |
| 5.   | Stjarnan A    | 14     | 26     | 33 | 1199      | 1222 | 0,79-0,98 | 17   |
| 6.   | Ýmir B        | 14     | 24     | 33 | 1177      | 1253 | 0,73-0,94 | 17   |
| 7.   | Þróttur Rb    | 14     | 24     | 32 | 1191      | 1224 | 0,75-0,97 | 16   |
| 8.   | Stjarnan C    | 14     | 22     | 36 | 1196      | 1316 | 0,61-0,91 | 14   |

Í 2. deild kvenna austur hampaði Þróttur N b deildarmeistaratitlinum með yfirburðum. Leikið var heima og heiman í deildinni og var leikjum lokið þann 10. mars 2013.

### Lokastaðan í 2. deild kvenna Austur 10. mars 2013

| Sæti | Félag      | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Þróttur Nb | 6      | 18     | 2  | 497       | 345 | 9,00-1,44 | 18   |
| 2.   | Höttur     | 6      | 14     | 8  | 472       | 442 | 1,75-1,07 | 11   |
| 3.   | Þróttur Nc | 6      | 8      | 14 | 419       | 483 | 0,57-0,87 | 6    |
| 4.   | Leiknir    | 6      | 2      | 18 | 368       | 486 | 0,11-0,76 | 1    |
| 5.   | Valur      | 0      |        |    |           |     |           |      |

Ekki var leikið til úrslita milli landshluta í 2. deild kvenna.

### 3. deild karla

Komið var á fót nýrri deild í karlaflokki, 3. deild karla fyrir leiktímabilið. Alls tóku 8 lið þátt í deildinni, 4 lið fyrir austan sem áður voru í 2. deild karla og svo 4 lið í suðurriðli. Leikin var fjórföld umferð í deildinni í þremur helgarmótum yfir veturinn.



Í 3. deild karla suður varð Skellur frá Ísafirði deildarmeistari. Leikið var á Ísafirði í október, Akranesi í febrúar og í Ásgarði í Garðabæ í mars.

#### Lokastaða þann 16. mars

| Sæti | Félag      | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Skellur    | 12     | 23     | 7  | 655       | 572 | 3,29-1,15 | 29   |
| 2.   | Fylkir B   | 12     | 19     | 11 | 633       | 576 | 1,73-1,10 | 24   |
| 3.   | Stjarnan 3 | 12     | 10     | 20 | 576       | 623 | 0,50-0,92 | 11   |
| 4.   | UMFL       | 12     | 7      | 21 | 535       | 628 | 0,33-0,85 | 8    |

Í 3. deild karla austur varð Sindri frá Höfn í Hornafirði deildarmeistari. Leikið var í Neskaupstað í október, á Höfn í Hornafirði í febrúar og á Seyðisfirði í mars.

#### Lokastaða þann 16. mars

| Sæti | Félag      | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Sindri     | 12     | 20     | 10 | 652       | 617 | 2,00-1,06 | 25   |
| 2.   | Þróttur Nc | 12     | 16     | 14 | 624       | 613 | 1,14-1,02 | 19   |
| 3.   | Huginn     | 12     | 14     | 17 | 640       | 636 | 0,82-1,01 | 16   |
| 4.   | Þróttur Nb | 12     | 10     | 19 | 593       | 643 | 0,53-0,92 | 12   |

Ekki var leikin úrslitakeppni á milli landshluta í 3. deild karla.

#### 3. deild kvenna

Alls voru 16 þátttökulið í 3. deild kvenna, 8 lið fyrir austan og 8 lið fyrir sunnan. Þegar líða tók á haustið hætti Víkingur/Reynir við þátttöku í deildinni fyrir sunnan og eftir voru 7 lið. Mótanefnd ákvað að hafa þá þrefalda umferð í stað tvöfaldrar og leikin yrði heil umferð á hverju móti.

Í 3. deild kvenna suður hampaði Álftanes deildarmeistaratitlinum. Leikið var á Ísafirði í október, Akranesi í febrúar og í Ásgarði í Garðabæ í mars. HK C fellur úr deildinni ásamt Víkingi/Reyni sem ekki tók þátt að þessu sinni.

#### Lokastaða þann 16. mars 2013.

| Sæti | Félag         | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|---------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Álftanes      | 18     | 32     | 11 | 965       | 742 | 2,91-1,30 | 42   |
| 2.   | Bresi         | 18     | 30     | 12 | 929       | 765 | 2,50-1,21 | 40   |
| 3.   | Skellur       | 18     | 26     | 16 | 898       | 870 | 1,63-1,03 | 34   |
| 4.   | Fylkir b      | 18     | 21     | 24 | 906       | 919 | 0,88-0,99 | 25   |
| 5.   | Afturelding C | 18     | 18     | 28 | 882       | 952 | 0,64-0,93 | 20   |
| 6.   | Stjarnan B    | 18     | 13     | 29 | 802       | 935 | 0,45-0,86 | 16   |
| 7.   | HK C          | 18     | 10     | 30 | 722       | 921 | 0,33-0,78 | 12   |

Í 3. deild kvenna austur varð Sindri frá Höfn í Hornafirði deildarmeistari. Leikið var í Neskaupstað í október, á Fáskrúðsfirði í febrúar og svo aftur í Neskaupstað í mars en það mót átti að vera á Egilsstöðum en vegna tvíbókunar íþróttahússins þurfti að færa það mót.

### Lokastaða þann 16. mars 2013

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall   | Stig |
|------|-------------|--------|--------|----|-----------|-----|------------|------|
| 1.   | Sindri      | 14     | 27     | 5  | 742       | 586 | 5,40-1,27  | 37   |
| 2.   | Þróttur N e | 14     | 24     | 8  | 720       | 563 | 3,00-1,28  | 32   |
| 3.   | Höttur b    | 14     | 19     | 17 | 739       | 675 | 1,12-1,094 | 23   |
| 4.   | Leiknir b   | 14     | 19     | 17 | 704       | 644 | 1,12-1,093 | 23   |
| 5.   | Þróttur N d | 14     | 16     | 17 | 687       | 631 | 0,94-1,09  | 20   |
| 6.   | Höttur c    | 14     | 14     | 17 | 622       | 613 | 0,82-1,01  | 19   |
| 7.   | Leiknir c   | 14     | 12     | 22 | 614       | 669 | 0,55-0,92  | 14   |
| 8.   | Einherji    | 14     | 0      | 28 | 254       | 701 | 0,00-0,36  | 0    |

Ekki var leikin úrslitakeppni á milli landshluta í 3. deild kvenna.

#### 4. deild kvenna

Deildin var skipuð 8 liðum og leikið var á þremur mótum í tvöfaldri umferð yfir tímabilið. Leikið var á Laugarvatni í byrjun nóvember, í Stykkishólmi í febrúar og í Ásgarði í mars. Deildarmeistarar 4. deildar kvenna voru UMF Hrunamenn en Snæfell var í 2. sæti og þessi lið fara upp í 3. deild kvenna suður á næstu leiktíð. HK F og HK E enduðu neðst og falla um deild.

### Lokastaða þann 16. mars 2013.

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | UMFH        | 14     | 25     | 10 | 767       | 615 | 2,50-1,25 | 32   |
| 2.   | Snæfell     | 14     | 22     | 10 | 707       | 654 | 2,20-1,08 | 30   |
| 3.   | Álftanes B  | 14     | 22     | 13 | 720       | 649 | 1,69-1,11 | 27   |
| 4.   | Dímon-Hekla | 14     | 21     | 14 | 730       | 631 | 1,50-1,16 | 27   |
| 5.   | Hamar       | 14     | 16     | 16 | 659       | 665 | 1,00-0,99 | 21   |
| 6.   | UMFL        | 14     | 15     | 16 | 685       | 678 | 0,94-1,01 | 20   |
| 7.   | HK F        | 14     | 6      | 26 | 546       | 733 | 0,23-0,74 | 7    |
| 8.   | HK E        | 14     | 4      | 26 | 529       | 718 | 0,15-0,74 | 4    |

#### 5. deild kvenna

Í fyrsta sinn var leikið í 5. deild kvenna og var deildin fullskipuð með 8 liðum. Leikin var tvöföld umferð í þremur mótum yfir tímabilið. Mótin voru á Laugarvatni í byrjun nóvember, í Stykkishólmi í febrúar og í Ásgarði í Garðabæ í mars. Fylkir C varð deildarmeistari og Bresi B endaði í 2. sæti og fara þau lið upp í 4. deildina á næstu leiktíð. Fylkir D og HK D enduðu í neðstu sætum og falla í 6. deild kvenna.

### Lokastaða þann 16. mars 2013.

| Sæti | Félag         | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|---------------|--------|--------|----|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Fylkir C      | 14     | 25     | 9  | 754       | 581 | 2,78-1,30 | 32   |
| 2.   | Bresi B       | 14     | 24     | 11 | 772       | 602 | 2,18-1,28 | 31   |
| 3.   | Þróttur Rc    | 14     | 22     | 13 | 739       | 644 | 1,69-1,15 | 27   |
| 4.   | Afturelding E | 14     | 19     | 13 | 696       | 644 | 1,46-1,08 | 25   |
| 5.   | Afturelding D | 14     | 17     | 16 | 702       | 668 | 1,06-1,05 | 22   |
| 6.   | HK G          | 14     | 16     | 17 | 657       | 668 | 0,94-0,98 | 21   |
| 7.   | Fylkir D      | 14     | 8      | 24 | 561       | 707 | 0,33-0,79 | 10   |
| 8.   | HK D          | 14     | 0      | 28 | 334       | 701 | 0,00-0,48 | 0    |

## 6. deild kvenna

Mótanefnd stóð frammi fyrir því að stofna einnig 6. deild kvenna vegna fjölda nýskráninga í Íslandsmót BLÍ. Alls voru 5 lið skráð í 6. deild kvenna og leikin var fjórföld umferð í deildinni á þremur mótum yfir leiktímabilið. Leikið var á Laugarvatni í byrjun nóvember, í Stykkishólmi í febrúar og í Ásgarði í Garðabæ í mars. UMFG C varð deildarmeistari í 6. deild kvenna og UMFG B endaði í 2. sæti og fara þau lið upp í 5. deildina á næstu leiktíð.

### Lokastaða þann 16. mars 2013

| Sæti | Félag      | Leikir | Hrinur |    | Stigaskor |     | Hlutfall   | Stig |
|------|------------|--------|--------|----|-----------|-----|------------|------|
| 1.   | UMFG C     | 16     | 32     | 3  | 822       | 501 | 10,67-1,64 | 45   |
| 2.   | UMFG B     | 16     | 23     | 14 | 802       | 726 | 1,64-1,10  | 31   |
| 3.   | Álftanes C | 16     | 13     | 24 | 651       | 807 | 0,54-0,81  | 16   |
| 4.   | UMFL B     | 16     | 13     | 27 | 730       | 863 | 0,48-0,85  | 14   |
| 5.   | UMFH B     | 16     | 12     | 25 | 702       | 810 | 0,48-0,87  | 14   |

## Asicsbikarinn 2013

Keppt var um Asicsbikar karla og kvenna í bikarkeppninni árið 2013. Sportís og Asics umboðið á Íslandi hafa staðið myndarlega að stuðning við Blaksambandið og séð m.a. til þess að bikarúrslitaleikirnir eru sýndir í beinni útsendingu í sjónvarpi.

Að þessu sinni skráðu 14 lið sig til leiks í Asicsbikarinn, 7 lið í hvorum flokki fyrir sig. Eins og undanfarið fara sigurvegarar í riðlakeppninni beint í undanúrslitaleikinn úr fyrra mótinu og svo tvö efstu liðin í seinna mótinu í pott sem dregið er úr.

Fyrri undankeppni Asicsbikarsins fór fram að Varmá í Mosfellsbæ í umsjón blakdeildeildar Aftureldingar. Karlalið Aftureldingar dróg þátttöku sína til baka í vikunni fyrir mót og voru þá aðeins eftir 6 karlalið.

Dregið var í riðla fyrir fyrri undankeppnina en lokastaðan í riðlunum var svona:

### Lokastaða 20. október 2012, Karlar A riðill

| Sæti | Félag     | Leikir | Hrinur |   | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-----------|--------|--------|---|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Stjarnan  | 2      | 4      | 2 | 124       | 124 | 2,00-1,00 | 4    |
| 2.   | KA        | 2      | 3      | 2 | 107       | 93  | 1,50-1,15 | 4    |
| 3.   | Þróttur R | 2      | 1      | 4 | 103       | 117 | 0,25-0,88 | 1    |

### Lokastaða 20. október 2012, Karlar B riðill

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |   | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-------------|--------|--------|---|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | HK          | 2      | 4      | 0 | 100       | 69  | MAX-1,45  | 6    |
| 2.   | Fylkir      | 2      | 2      | 3 | 99        | 108 | 0,67-0,92 | 2    |
| 3.   | Þróttur N   | 2      | 1      | 4 | 92        | 114 | 0,25-0,81 | 1    |
| 4.   | Afturelding | 0      |        |   |           |     |           | 0    |

HK og Stjarnan tryggðu sér sæti í undanúrslitaleikjunum og þurftu því ekki að taka þátt í síðari undankeppninni í Neskaupstað.

**Lokastaða 20. október 2012, Konur A riðill**

| Sæti | Félag     | Leikir | Hrinur |   | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-----------|--------|--------|---|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | HK        | 2      | 4      | 0 | 100       | 55  | MAX-1,82  | 6    |
| 2.   | Stjarnan  | 2      | 2      | 2 | 73        | 85  | 1,00-0,86 | 3    |
| 3.   | Völsungur | 2      | 0      | 4 | 67        | 100 | 0,00-0,67 | 0    |

**Lokastaða 20. október 2012, Konur B riðill**

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |   | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-------------|--------|--------|---|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Próttur N   | 3      | 6      | 0 | 150       | 99  | MAX-1,52  | 9    |
| 2.   | Afturelding | 3      | 4      | 2 | 142       | 96  | 2,00-1,48 | 6    |
| 3.   | KA          | 3      | 2      | 4 | 103       | 140 | 0,50-0,74 | 3    |
| 4.   | Próttur R   | 3      | 0      | 6 | 90        | 150 | 0,00-0,60 | 0    |

HK og Próttur Nes tryggðu sér sæti í undanúrslitum Asicsbikarsins 2013 og þurftu því ekki að taka þátt í síðari undankeppninni í Neskaupstað.

**Undankeppni 2 í Neskaupstað**

Nú lið voru eftir í keppninni þegar mótið var haldið í Neskaupstað 1. og 2. febrúar 2013. Aðeins var leikið í einni deildi í hvorum flokki, karla og kvenna.

Karlalið Fylkis mætti ekki til leiks í mótið fyrir austan og því var aðeins barátta þriggja liða um tvö sæti. KA og Próttur Nes tryggðu sér sætin tvö í undanúrslitum.

**Lokastaða þann 2. febrúar 2013 í karlaflokki**

| Sæti | Félag     | Leikir | Hrinur |   | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-----------|--------|--------|---|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | KA        | 3      | 6      | 0 | 150       | 79  | MAX-1,90  | 9    |
| 2.   | Próttur N | 3      | 4      | 2 | 140       | 86  | 2,00-1,63 | 6    |
| 3.   | Próttur R | 3      | 2      | 4 | 125       | 100 | 0,50-1,25 | 3    |
| 4.   | Fylkir    | 3      | 0      | 6 | 0         | 150 | 0,00-0,00 | 0    |

Í kvennaflokki mættu öll liðin 5 til leiks og var hart barist um sætin tvö. Afturelding vann alla sína leiki og tapaði ekki hrinu í mótinu og Stjarnan komst svo í fyrsta skipti í sögu félagsins með kvennalið inn í undanúrslit í bikarkeppni.

**Lokastaða þann 2. febrúar 2013 í kvennaflokki**

| Sæti | Félag       | Leikir | Hrinur |   | Stigaskor |     | Hlutfall  | Stig |
|------|-------------|--------|--------|---|-----------|-----|-----------|------|
| 1.   | Afturelding | 4      | 8      | 0 | 200       | 102 | MAX-1,96  | 12   |
| 2.   | Stjarnan    | 4      | 6      | 2 | 176       | 141 | 3,00-1,25 | 9    |
| 3.   | KA          | 4      | 4      | 4 | 150       | 173 | 1,00-0,87 | 6    |
| 4.   | Völsungur   | 4      | 2      | 7 | 159       | 205 | 0,29-0,78 | 2    |
| 5.   | Próttur R   | 4      | 1      | 8 | 142       | 206 | 0,13-0,69 | 1    |

Í lok febrúar 2013 var svo dregið í undanúrslitin. Það lá fyrir hvaða lið væru í hvorum undanúrslitaleiknum og því voru aðeins þau lið sem komust áfram úr seinni undankeppninni í pottinum.

Í karlaflokki var Stjarnan í undanúrslitaleik 1 og fékk Þrótt Nes upp úr hattinum. Þetta þýddi að HK myndi mæta KA í undanúrslitaleik 2. Leiktími var ákveðinn laugardaginn 23. mars kl. 12.00 og 14.00 í Laugardalshöll.

Í kvennaflokki var HK í undanúrslitaleik 1 og fékk Stjörnuna upp úr hattinum. Þetta þýddi að Þróttur Nes myndi mæta Aftureldingu í undanúrslitaleik 2 en þau lið mættust einmitt í úrslitum bikarsins 2012 þar sem Afturelding vann sinn fyrsta bikar í sögu blakdeildar félagsins. Leiktími var ákveðinn laugardaginn 23. mars kl. 16.00 og 18.00 í Laugardalshöll.

BLÍ vill koma að þakklæti við blakdeildir Aftureldingar og Þróttar Nes vegna framkvæmda á undankeppnum Asicsbikarsins.

### Bikarúrslitahelgin

Framkvæmd úrslitahelgarinnar er í höndum Blaksambandsins og voru sjálfboðaliðar úr blakdeild Aftureldingar fengnir til aðstoðar við framkvæmdina. Undanfarin 8 ár hafa bikarúrslit verið í Laugardalshöll á blakgólfi sambandsins. Umgjörðin í kringum leikin verður glæsilegri með hverju árinu og var t.a.m. núna notast aftur við LED skilti í kringum völlinn sem auðveldar mjög sölu auglýsinga á viðburðinn. Sú nýbreytni var að þessu sinni að miðasala fór eingöngu í gegnum [www.midi.is](http://www.midi.is) og hjálpar það sambandinu að halda utan um fjölda áhorfenda á leikjunum.

### Undanúrslit karla laugardaginn 23. mars 2013.

|                        |     |                            |
|------------------------|-----|----------------------------|
| Stjarnan – Þróttir Nes | 3-1 | 25-23, 25-17, 22-25, 25-17 |
| HK – KA                | 3-1 | 14-25, 25-23, 25-18, 25-22 |

### Úrslit karla sunnudaginn 24. mars 2013

|             |     |                                   |
|-------------|-----|-----------------------------------|
| Stjarnan-HK | 2-3 | 25-14, 17-25, 25-18, 23-25, 10-15 |
|-------------|-----|-----------------------------------|

### Bikarmeistarar HK

Brynjar Júlíus Pétursson, fyrirliði, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Lúðvík Már Matthíasson, Ingólfur Hilmar Guðjónsson, Magnús Ingvi Kristjánsson, Andreas Hilmir Halldórsson, Alexander Stefánsson, Kolbeinn Tumi Baldursson, Einar Sigurðsson, Orri Þór Jónsson, Ágúst Máni Hafþórsson, Theódór Óskar Þorvaldsson, Stefán Gunnar Þorsteinsson, liðsstj., Ólafur Jóhann Júlíusson, aðst.þj. og Elsa Sæný Valgeirsdóttir, þjálfari.

### Undanúrslit kvenna laugardaginn 23. mars 2013

|                       |     |                            |
|-----------------------|-----|----------------------------|
| HK-Stjarnan           | 3-1 | 25-22, 20-25, 25-19, 25-19 |
| Þróttur N-Afturelding | 3-1 | 25-21, 18-25, 25-16, 25-20 |

### Úrslit kvenna sunnudaginn 24. mars 2013

|                |     |                                   |
|----------------|-----|-----------------------------------|
| HK-Þróttur Nes | 3-2 | 22-25, 22-25, 25-17, 25-16, 15-12 |
|----------------|-----|-----------------------------------|

### Bikarmeistarar HK

Laufey Björk Sigmundsdóttir, fyrirliði, Karen Björg Gunnarsdóttir, Sesselja Jónsdóttir, Pálmey Kamilla Pálmadóttir, Þórey Haraldsdóttir, Gunnþóra Mist Björnsdóttir, Natalia Ravva, Fríða Sigurðardóttir,

Hugrún Óskarsdóttir, Elísabet Einarsdóttir, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Berglind Gígja Jónsdóttir, Einar Sigurðsson aðst.þjálfari og Natalia Ravva, þjálfari.

Asicsbikarinn 2013 lauk með verðlaunaafhendingu til liðanna og var það Jason Ívarsson formaður BLÍ sem afhenti verðlaun ásamt Stefáni Jóhannessyni varaformanni BLÍ. Sigurvegarar í Asicsbikarnum fengu skópar frá Sportís sem er aðalstyrktaraðili Bikarkeppni Blaksambands Íslands.

## **Lokaorð**

Þegar litið er yfir veturinn sem er búinn er ljóst að mótshaldið er orðið gríðarlega umfangsmikið. Liðum fjölga ár frá ári og er það mikil áskorun fyrir Blaksambandið að halda rétt á spilunum svo allt komist fyrir í þeim tímaramma sem er til staðar.

Nú lengdist tímabilið til að mynda um tvær til þrjár vikur og jólafríið stýttist líka. Nokkur óánægja er enn til staðar þegar leikir eru settir á í desemberprófum en til þess að allt gangi upp er ekki annað hægt – að öðrum kosti verður jólafríið þá of langt. Mótanefndin vandar til verka þegar raða á niður leikjaplani og reynir að passa það að ekki líði of langt á milli leikja.

Fyrir dyrum stendur ný reglugerð sem mótanefnd vinnur eftir ef hún verður samþykkt á 41. ársþingi BLÍ. Sú reglugerð gerir nefndinni kleift að stækka enn frekar efstu deildina og í raun loka henni alveg þannig að þessi spurning um hvaða lið fer upp úr 2. deild verður úr sögunni.

Umgjörð leikja er sífellt að batna hjá félögunum en þó má oft gera betur í þeim efnum. Stjórnir blakdeilda eru þar í mikilvægu hlutverki og þurfa að stilla upp þannig umsjónarfólki á leiki sem ráða við sitt verk og geta komið frá sér t.d. fréttatilkynningum til að auglýsa upp leiki og segja frá úrslitum. Heimasíður félaganna eru mikilvægt tæki til þess háttar umfjöllunar en bæði BLÍ og félögin eru í samvinnu um að fá meiri umfjöllun í fjölmiðlum.

Að lokum vill mótanefndin koma á framfæri þakklæti til blakdeilda félaganna fyrir gott samstarf á þessu starfsári og við vonum að næsta starfsár verði áfram gæfuríkt í samskiptum.

*Mótanefnd BLÍ*

*Sævar Már Guðmundsson*

*Hrafnhildur Theódórsdóttir*

*Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir*

## **Strandblak - Ársskýrsla fyrir árið 2012**

Strandblaksumarið 2012 leit mjög vel út. Fjölgun valla heldur áfram ásamt því að fleiri staðir auglýstu trimmót og möguleika fyrir blakara og aðra til að taka þátt í þessu skemmtilega sporti.

## **Mót**

**Trimmót** á árinu voru nokkur og er þetta ekki tæmandi upptalning.

*Þriggjamanna mót, opnunarmót í Neskaupstað 13. júní 2012*

Þróttur Neskaupstað fór af stað með látum og hélt mót allt sumarið. Frábært hjá þeim enda með flotta velli til að spila á.

*Fjögurramanna mót á Selfossi 17. júní 2012*

17. júnímót haldið á **Selfossi**, en þetta er í fyrsta sinn sem Selfyssingar halda slíkt mót.

#### *Tveggjamanna mót í Neskaupstað 20. júní 2012*

Spilað var í karla- kvennaflokki

#### *Tveggjamanna mót í Garðinum 22. júní 2012*

Sólseturshátíð Garðbúa í Garðinum var haldið í miðnætursólinni á völlum með fallegasta umhverfi landsins, eða við Garðskagavita. Sólseturshátíðin er árlegur viðburður hjá Garðbúum og hafa þeir bætt strandblaki við sem viðburði á hátíðinni.

#### *Gröfutæknimót Hrunamanna Flúðum 23. júní 2012*

Þetta mót er orðið árlegt mót og þegar fest sig í sessi sem eitt af stóru trimmótum ársins. Spilað var í 3 og 2 manna liðum, karla og kvenna.

#### *Þriggjamanna mót í Neskaupstað 3. júlí 2012*

Trimmót þar sem þrír spiluðu saman í liði

#### *Upphitunarmót fyrir Íslandsmót í Neskaupstað 18. – 19. júlí 2012*

Spilað í 2ja manna liðum og einig í unglingaflokkum U-21 og U-17.

#### *Neistaflugsmót í Neskaupstað 5. ágúst 2012*

Spilað í 2ja manna liðum og einig í unglingaflokkum U-21 og U-17.

#### *Sporthúsmót sept – des 2012*

Með tilkomu strandblakvallanna í Sporthúsinu voru haldin nokkur mót innandyrna í strandblaki. Meðal annars kvennamót, paramót, byrjendamót o.fl. Ekki verður langt að bíða þar til Íslandsmót innanhúss verður raunin.

## **Stigamót BLÍ**

Stigamótin voru 5 talsins með Íslandsmótinu í ágúst.

### **Stigamót I – Fagralundi Kópavogi 8. – 10. júní 2012**

Þátttökuliðin voru tæplega 30 talsins og er það mesta þátttaka í upphafsmóti sumars frá upphafi strandblakmótaraðarinnar. Athygli vakti hve mörg sterk lið eru komin til leiks og minni byrjendabragur að vori en áður hefur verið. Þetta lofaði góðu fyrir sumarið.

#### Í efstu deild kvenna (A-deild) mættu 8 lið. Úrslitin urðu eftirfarandi

1. sæti - Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir HK
2. sæti - Birna Baldursdóttir og Hulda Elma Eysteinsdóttir KA
3. sæti - Elísabet Einarisdóttir og Berglind Gýgja Jónsdóttir HK

#### Í efstu deild karla (A-deild) mættu 12 lið. Úrslitin í karlaflokkum urðu þannig:

1. sæti - Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson HK
2. sæti - Orri Þór Jónsson og Róbert Karl Hlöðversson HK
3. sæti - Birgir Már Sigfússon og Guðmundu P Guðmundsson HK

#### Í B-deild kvenna mættu 7 lið. Úrslitin urðu eftirfarandi:



1. sæti - Natalía Rava og Ásta S Gylfadóttir HK
2. sæti - Aðalheiður Ásmundsdóttir og Suzana Pavlova HK
3. sæti - Aðalheiður Sigursveins og Kolbrún J Erlendsdóttir HK

Til leiks í B-deild karla mætti 1 lið og spiluðu þeir því með A-deild og stóðu sig með þrjú. En þeir unnu að sjálfsögðu B-flokkinn

1. sæti - Sigurjón Unnar Sveinsson og Bergþór Karl Kristinsson

## **Stigamót II – Þingeyri 30. júní 2012**

Annað stigamót sumarsins fór fram á Þingeyri við Dýrafjörð. Mótið hófst á föstudagskvöldið í B-deild kvenna og spilað þar til klukkan var langt gengin í 23:00 en þar sem sólin er hátt á lofti þá hafði það ekki áhrif þó seint væri.

Mótið hófst svo aftur á laugardagsmorgni kl 8:00 svo það næðist að klárast á þessum tveimur sólahringum.

Að þessu sinni var mótið spilað í riðlum þar sem fjöldi liða passaði mátulega fyrir það, en 20 lið tóku þátt í mótinu.

Í B-deild kvenna urðu úrslit eftirfarandi eftir marga jafna og langa leiki:

1. sæti - Perla og María UMFA
2. sæti - Elísabet og Jóhanna HK
3. sæti - Þórey og Matthildur HK

Í A-deild kvenna voru flest sterkustu liðin mætt og urðu úrslit eftirfarandi:

1. sæti - Fríða og Birta HK
2. sæti - Birna og Elma KA
3. sæti - Unnur og Ásthildur HK

Ein deild var spiluð í karlaflokki og mættu þar 5 lið. Úrslitin urðu eftirfarandi:

1. sæti - Emil og Eiki HK
2. sæti - Einar og Arnar HK
3. sæti - Biggi og Gummi HK

## **Stigamót III – Fagralundi 13. – 14. júlí 2012**

Spilaðir voru 48 leikir í 107 hrinum á rúmum 30 klukkustundum. Mótið hófst á fimmtudagskvöld í B-deild kvenna og var hún spiluð fimmtudags- og föstudagskvöld að undanskildum úrslitaleiknum sem spilaður var á laugardegi. A-deild kvenna og karladeildin voru spilaðar á laugardeginum.

### **B - deild kvenna**

11 lið mættu til leiks í B-deildinni og mátti sjá nokkra nýliða í deildinni sem stóðu sig með þrjú.

Úrslit B-deildar urðu eftirfarandi:

1. sæti - Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)
2. sæti - Perla Ingólfssdóttir og María Indriðadóttir (UMFA)
3. sæti - Anna María Björnsdóttir og Rósa Dögg Ómarsdóttir (Súlum)

#### A - deild kvenna

8 lið mættu til leiks í jafnri og spennandi kvennadeildinni.

##### Úrslit A - deildar kvenna urðu eftirfarandi:

1. sæti - Fríða Jónsdóttir og Birta Björnsdóttir (HK)
2. sæti - Ásthildur Gunnarsdóttir og Unnur Bryndís Guðmundsdóttir (Þrótti)
3. sæti - Lilja Jónsdóttir og Laufey Björk Sigmundsdóttir (HK)

#### A - deild karla

8 lið kepptu einnig í karlaflokki og var eingöngu keppt í A - deild.

##### Efstu sæti í karlaflokki voru því þannig:

1. sæti - Eiríkur R Eiríksson og Emil Gunnarsson (HK/Stjarnan)
2. sæti - Orri Þór Jónsson og Róbert Karl Hlöðversson (HK/Stjarnan)
3. sæti - Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson (HK)

#### Nokkrar tölur úr mótinu

Mótið sem var það þriðja í röð stigamóta sumarsins var í stærra lagi en það hafa reyndar öll mót sumarsins verið. Teknar voru saman nokkrar tölur úr mótinu útfrá leikskýrslum. Sumt var ekki nákvæmlega skráð eins og leikhlé og einstaka tímar á leikjum, en ætti samt að gefa góða mynd af umfangi mótsins.

Vonandi hefur einhver gaman af að rýna í tölurnar.

Fjöldi liða á mótinu = 27

Fjöldi leikmanna = 54 (þar af konur 38 og karlar 16)

Fjöldi leikja = 48

Fjöldi hrina = 109

Fjöldi leikhléa = 22

Meðaltal leikhléa = 0,45 pr/leik eða 0,2 pr/hrinu

Heildar tími móts = 31 klukkustund

Meðal leiktími allra leikja = 32 mín

Meðal tími milli leikja = 6 mín

Lengsti leikur í karlaflokki = 48 mín

Lengsti leikur í kvk A deild = 49 mín

Lengsti leikur í kvk B deild = 51 mín

Stysti leikur í karlaflokki = 19 mín

Stysti leikur í kvk A deild = 26 mín

Stysti leikur í kvk B deild = 21 mín

Hæsta skor í 2ja hrinu leik = 102 stig

Hæsta skor í 3ja hrinu leik = 114 stig

Hæsta skor í einni hrinu = 33-31

## Stigamót IV – Neskaupstað 27. – 28. júlí 2012

Keppt var í A og B deildum kvenna og A deild karla. Veðrið var frábært og aðstæður eins góðar og þær geta orðið.

Í **A deild kvenna** voru 5 lið mætt til leiks. Spilað var ein umferð, þar sem allir spiluðu við alla.

### Úrslit A deildarinnar urðu eftirfarandi

1. sæti - Hulda Elma Eysteinsdóttir og Birna Baldursdóttir
2. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir
3. sæti - Lilja Jónsdóttir og Laufey Sigmundsdóttir

Í **A deild karla** voru einnig 5 lið mætt til leiks og spiluðu allir við alla.

### Úrslitin hjá körlunum voru þessi:

1. sæti - Einar Sigurðsson og Arnar Halldórsson
2. sæti - Emil Gunnarsson og Karl Rúnar Róbertsson
3. sæti - Birgir Már Vigfússon og Guðmundur P. Guðmundsson

### Í B deild kvenna voru 6 lið og urðu úrslitin þessi:

1. sæti - Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir
2. sæti - Ásta Gylfadóttir og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir
3. sæti - Þórey Haraldsdóttir og Matthildur Einarsdóttir

## Toyotamótið / Íslandsmót – Fagralundi Kópavogi 24. – 26. ágúst 2012

Nýir Íslandsmeistarar voru krýndir í kvennaflokki þar sem segja má að hafi orðið mikil kynslóðaskipti því Íslandsmeistararnir eru einungis 13 og 17 ára.

Keppt var í 8 flokkum, þ.e. meistaraflokkum A- og B-deild, og unglingaflokkum U-21 og U-17.

### **B-deild kvenna**

Mótið hófst á fimmtudagskvöldi þar sem B-deild kvenna keppti á fjórum völlum, en 12 lið skráðu sig til leiks í þann flokk.

Þar sem ekki var hægt að koma öllum leikjum fyrir á þeim tveim völlum sem eru í Fagralundi var b-riðillinn spilaður á glænýjum inni-strandblakvöllum í Sporthúsinu.

Síðustu leikir beggja riðla voru síðan spilaðir í Fagralundi. Úrslitin í B-deild kvenna voru spiluð á sunnudag.

### Úrslit í B-deild kvenna:

1. sæti – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)
2. sæti – Heiðbjört Gylfadóttir og Anna María Björnsdóttir (HK / Súlur)
3. sæti – Þórey Haraldsdóttir og Matthildur Einarsdóttir (HK)

Í **B-deild karla** skráðu sig 5 lið.

### Úrslit í B-deild karla:

1. sæti – Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson (Hamri)
2. sæti – Arnar Þór Björnsson og Janis Novikovs (Hyrnan / HK)
3. sæti – Alexander Sævar Guðbjörnsson og Stefán Þorsteinsson (Stjarnan / HK)

**Í A-deild kvenna** voru eingöngu 6 lið skráð til leiks en 8 lið geta keppt í A-deild.

Deildin var þó mjög jöfn og voru allir leikir spennandi. Skipt var í tvo þriggja liða riðla og síðan spilaður kross milli efstu tveggja liða í hvorum riðli og hreinn úrslitaleikur um 5. sæti milli neðstu liðanna.

Úrslit í A-deild kvenna:

1. sæti - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
2. sæti – Lilja Jónsdóttir og Laufey Björk Sigmundsdóttir (HK)
3. sæti – Birna Baldursdóttir og Elma Eysteinsdóttir (KA)

**A-deild karla** var full skipuð eða 8 lið, og voru það 8 stigahæstu lið sumarsins. Þar var spilað í tveimur riðlum allir við alla og kross milli fjögurra efstu liðanna.

Úrslit í A-deild karla:

1. sæti – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson (Stjarnan)
2. sæti – Einar Sigurðsson og Brynjar J Pétursson (HK)
3. sæti – Orri Þór Jónsson og Róbert Karl Hlöðversson (HK / Stjarnan)

Mótið sem var það lang stærsta fram að þessu með 46 liðum tókst með ágætum og var markvert að næstum allir leikir stóðust tímaáætlun þó leikirnir hafi verið 92 talsins í heildina. Þó varð einhver smá seinkun í kvennaflokki A-deild þar sem öll liðin voru frekar jöfn, en 8 leikir af 11 í þeim flokki fóru í 3 hrinur.

## **Unglingamót BLÍ**

**Stigamót I í unglingaflokki – Fagralundi 10. júní 2012**

Keppt var í 2 aldursflokkum, U-21 og U-17, og urðu úrslit þannig:

### **U-21 karla**

1. sæti - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þorsteinsson HK
2. sæti - Alexander Sævar Guðbjörnsson og Egill Þorri Arnarsson Stjarnan
3. sæti - Gylfi Freyr Karlsson og Hilmar Leó Antonsson HK

### **U-17 karla**

1. sæti - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þorsteinsson HK
2. sæti - Viktor Emile C Gauvrit og Valgeir Þór Jakobsson UMFA
3. sæti - Theódór Óskar Þorvaldsson og Hjörtur Már Ingason HK

### **U-21 kvenna**

1. sæti - Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir HK
2. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir HK
3. sæti - Mariam Eradze og Herborg Vera Leifsdóttir HK

### **U-17 kvenna**

1. sæti - Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir HK
2. sæti - Mariam Eradze og Herborg Vera Leifsdóttir HK

### **Stigamót II í unglingaflokki – í Neskaupstað 17. júlí 2012**

Keppt var í unglingaflokkum í Neskaupstað. Eingöngu mætti 1 karlalið til leiks og því ekki spilað í drengjaflokki.

Fjögur lið mættu til leiks í U-21 kvenna og urðu úrslit eftirfarandi:

1. sæti - Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2. sæti - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir
3. sæti - Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir

Í U 17 ára flokknum voru fjögur lið mætt til leiks. Úrslitin í þessum flokki urðu þessi:

1. sæti - Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir
2. sæti - Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir
3. sæti - Hekla Liv Maríasdóttir og María Rún Karlsdóttir

### **Toyotamótið / Íslandsmót unglinga – Fagralundi Kópavogi 26. ágúst 2012**

#### **Unglingaflokkur pílta**

Spilað var í tveim flokkum unglinga, U-21 og U-17.

#### **Úrslit í U-21 karla**

1. sæti – Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)
2. sæti – Alexander Sævar Guðbjörnsson og Stefán Þorsteinsson (Stjarnan / HK)
3. sæti – Thódór Óskar Þorvaldsson og Hjörtur Már Ingason (HK)

#### **Úrslit í U-17 drengja**

1. sæti – Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)
2. sæti – Thódór Óskar Þorvaldsson og Hjörtur Már Ingason (HK)
3. sæti – Arnar Freyr Guðmundsson og Þorsteinn Óskarsson (HK)

#### **Unglingaflokkar kvenna**

#### **Úrslit í U-21 kvenna**

1. sæti – Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (Stjarnan / HK)
2. sæti – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
3. sæti – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)

#### **Úrslit í U-17 stúlkna**

1. sæti – Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)
2. sæti – Thelma Dögg Grétarsdóttir og Rósborg Halldórsdóttir (UMFA)
3. sæti – Hildur Davíðsdóttir og Klara Bjarnadóttir (UMFA)

### **Stigameistarar í strandblaki**

#### **Stigameistarar 2012**

Allt sumarið unnu einstaklingar sér inn stig í mótaröðinni og var lokamótið hluti af stigamótaröðinni.

#### **Stigameistarar fullorðinna 2012**

Karlar: Emil Gunnarsson (Stjörnunni)

Konur: Birna Baldursdóttir (KA)

### **Stigameistarar unglunga 2012**

U-21 karla – Stefán Þorsteinsson (HK)  
U-21 kvenna - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)  
U17 drengja - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)  
U17 stúlkna - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

### **Íslandsmeistarar frá upphafi strandblaks á Íslandi**

#### **Í karlaflokki:**

2004 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson  
2005 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson  
2006 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson  
2007 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson  
2008 – Brynjar Pétursson og Michael Overhage  
2009 – Emil Gunnarsson og Karl Sigurðsson  
2010 – Einar Sigurðsson og Brynjar Pétursson  
2011 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson  
2012 – Emil Gunnarsson og Eiríkur R Eiríksson

#### **Í kvennaflokki:**

2004 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir  
2005 – Birna Baldursdóttir og Karen Björg Gunnarsdóttir  
2006 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir  
2007 – Heiðbjört Gylfadóttir og Þórey Haraldsdóttir  
2008 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir  
2009 – Laufey Björk Sigmundsdóttir og Lilja Jónsdóttir  
2010 – Birna Baldursdóttir og Fríða Sigurðardóttir  
2011 – Fríða Sigurðardóttir og Birta Björnsdóttir  
2012 – Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir

#### **Í unglingaflokki**

##### **U-17 pílta:**

2011 - Lúðvík Már Matthíasson og Stefán Þór Þorsteinsson (HK)  
2012 - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)

##### **U-17 stúlkna:**

2011 - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)  
2012 - Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir (HK)

##### **U-21 karla:**

2010 - Hafsteinn Valdimarsson og Kristján Valdimarsson Hamri  
2011 - Ólafur J Júlíusson og Alexander Stefánsson (HK)  
2012 - Valgeir Þór Jakobsson og Viktor Emile Gauvrit (UMFA)

##### **U-21 kvenna:**

2010 - Hjördís Eiríksdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir Stjarnan/Þróttur  
2011 - Birta Björnsdóttir og Helena Kristín Gunnarsdóttir (HK / Þróttur N)  
2012 - Hjördís Eiríksdóttir og Steinunn Helga Björgólfsdóttir (Stjarnan / HK)

## **Lokaorð**

Strandblakvöllunum fjölgaði á árinu og eru fréttir um enn meiri fjölgun valla árið 2013, en í það minnsta 12 vellir eru á teikniborðinu víða um land.

Með tilkomu innivalla í Sporthúsinu varð mikil vakning nýrra liða og einstaklinga sem prufuðu sportið. Því er von á þó nokkurri aukningu liða á mót sumarsins 2013.

Sporthúsið var einnig svo rausnalegt að leyfa strandblaklandsliðunum að æfa frítt hjá sér í vetur og er það því lík lyftistöng fyrir sportið. Við hvetjum því alla sem áhuga hafa á að byggja upp strandblak á Íslandi að nýta sér þessa aðstöðu svo aðstaðan verði áfram í boði fyrir okkur í Sporthúsinu.

Fyrir hönd Strandblaknefndar BLÍ



Karl Sigurðsson

Formaður strandblaknefndar

## **38. öldungamót BLÍ – HKarlinn 2013 Öldungagæping haldið í Kórnum 28. Apríl 2013 kl. 21.00**

### **Fundargerð Öldungagæpinga**

Karl Sigurðsson öldungur HKarlins setur þingið og stingur upp á Sigurbirni Árna Arngrímssyni sem fundarstjóra og Hrafnhildi Theodórsdóttur sem fundarritara. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri setur þingið og fer yfir dagskránnu.

1. Tillögur að breytingum á reglugerð um öldungamót
2. Kjör um næsta mótsstað
3. Önnur mál

### **Tillögur að breytingum á reglugerð**

Fyrir þinginu lágu 5 tillögur

**Tillaga 1.** Frá Massablaki, nokkrir Massar mættir og strax gerður góður rómur að tillögu þeirra sem fjallar um að gerð verði sérstök vefsíða fyrir öldungamót BLÍ sem fylgdi mótinu þannig að ekki væri verið að finna upp hjólið á hverju ári. Umræður voru mjög jákvæðar og m.a. rætt hvort hægt væri að tengja þetta við heimasíðu BLÍ. Tillagan var samþykkt samhljóða og ákveðið að vísa málinu til ársþings BLÍ til úrvinnslu.

**Tillaga 2.** Frá blakdeild Völsungs – Enginn mættur frá Völsungi til að mæla fyrir tillögunni sem er viðbót við grein 2 og fjallar um að til þess að lið geti tekið þátt í öldungamótum þurfi þau að hafa tekið þátt í amk tveimur hraðmótum yfir veturinn eða í deildarkeppni. Umræður voru neikvæðar og þótti fólki það einsýnt að erfitt yrði að fylgjast með þessu og að ýmis lið á öldungi væru samsett af keppendum sem spiluðu með hinum ýmsu liðum yfir veturinn. Tillagan borin upp og samþykkt að vísa henni frá.

**Tillaga 3.** Frá Hannesi Garðassyni. Nokkrar tillögur bárust frá Hannesi sem talaði sjálfur fyrir þeim. Þingið samþykkt breytingu á orðalagi 1. greinar reglugerðar um öldungamót sem hljómar þá svona (viðbótin er feitletruð) ; Mótið heitir Öldungamót BLÍ. Markmið þess er að útbreiða blakíþróttina,

stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda. **Mótið skal vera vettvangur jákvæðra samskipta milli blaköldunga af öllu landinu með leikgleðina að leiðarljósi.**

Hannes lagði einnig fram breytingu sem veitti mótshaldara heimild til að stytta stigaskor í neðri deildum öldungamótsins en tilgangurinn var að reyna að stytta með því móti þann tíma sem mótshaldið tekur. Tillagan var felld með 31 atkvæði gegn 24.

Þriðja tillaga Hannesar var samþykkt samhljóða og fjallaði um dagskrá öldungapings og breytingar á 10. grein sem vera skyldi með þessu hætti; **Sjá grein 4.1. í reglugerð um öldungamót hér fyrir neðan.**

**Tillaga 4.** Frá blakdeild Aftureldingar – Guðrún Kristín formaður deildarinnar mælti fyrir tillögunni sem var samþykkt samhljóða en tillagan gengur út á það að í hverri deild færist tvö lið upp og niður – einnig í 1. deildum karla og kvenna. Tillagan samþykkt samhljóða. **Sjá grein 3.4 í reglugerð um öldungamót hér fyrir neðan**

**Tillaga 5** var frá nefnd sem stjórn BLÍ skipaði til að yfirfara reglugerðina og var hún samþykkt eins og hún var lögð fyrir með breytingum sem bárust frá UMFG og Hannesi Garðarssyni. Reglugerðin er hér fyrir neðan eins og hún var samþykkt af þinginu. Björn Guðbjörnsson kom fyrir hönd nefndarinnar, kynnti tillöguna og lagði fyrir þingið.

## **Reglugerð um Öldungamót BLÍ**

### **Fyrsti kafli - Markmið og tilgangur**

**gr. 1.1** Mótið heitir Öldungamót BLÍ. Markmið þess er að útbreiða blakíþróttina, stuðla að framförum í tækni og viðhalda getu keppenda. Mótið skal vera vettvangur jákvæðra samskipta milli blaköldunga af öllu landinu með leikgleðina að leiðarljósi.

**gr.1.2** Þátttaka í Öldungamóti BLÍ er heimil öllum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Vera skráður í FELIX, félagakerfi ÍSÍ sem iðkandi í blaki hjá félagi innan ÍSÍ.
- b) Vera á keppnisárinu 30 ára eða eldri í öldungadeildum og 50 ára eða eldri í öðlingadeildum.
- c) Hver leikmaður leiki aðeins í einni deild og með einu liði. Öldungur getur gefið félagi leyfi til að færa liðsmann á milli deilda ef meiðsli koma upp í liði. Það gildir þó aðeins innan sama félags og aldrei úr efri deildum í neðri deildir.
- d) Félagaskipti þarf ekki að tilkynna.

### **Annar kafli – Umsókn um að halda næsta öldungamót og gjald til uppbyggingarstarfs**

**gr.2.1** Umsókn um að halda næsta öldungamót BLÍ skal sent inn til starfandi öldunganefndar og BLÍ, í síðasta lagi 21 degi fyrir næsta mótisdag, á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu BLÍ. Ekki er tekið við umsóknum nema á tilgreindu umsóknareyðublaði og skulu allir reitir útfylltir. Öldunganefndin mun síðan yfirfara umsóknirnar, kynna þær á vef mótsins og leggja þær síðan fram til atkvæðagreiðslu á öldungarþinginu.

**gr.2.2** Af þátttökugjaldi skal mótshaldari greiða til BLÍ upphæð sem nemur 25% af þátttökugjaldi eins og það er ákveðið ár hvert. Hafi mótshaldari/blakfélag ekki starfrækt yngriflokkastarf á yfirstandandi keppnistímabili skal hann greiða 40% af þátttökugjöldum til BLÍ.



**gr. 2.3** Fjármunir þessir skulu ætlaðir útbreiðslu - og yngriflokkastarfi á vegum BLÍ og ráðstöfun þeirra birt á sýnilegan hátt í ársskýrslu BLÍ ár hvert. Á móti skal BLÍ skipa 2 landsdómara til að hafa umsjón í samræði við mótshaldara með dómgæslu og niðurröðun dómara á öldungamótum BLÍ.

**gr. 2.4** Framkvæmdaraðili mótsins er ábyrgur fyrir því að úrslit séu send til BLÍ, eigi seinna en viku eftir að móti lýkur. Jafnframt skal BLÍ sjá til þess að skýrslur og úrslit öldungamóta birtist í ársskýrslu BLÍ hverju sinni. Hlutfall greiðslu til BLÍ skal endurskoðað á ársþingi sambandsins annað hvert ár.

### **Þriðji kafli - Framkvæmd öldungamóta**

**gr.3.1** Öldungur skipar tvo menn með sér í öldunganefnd, sem sér um framkvæmd mótsins hverju sinni og skal hlíta gildandi reglum.

**gr.3.2** Mótið skal haldið á þeim stað sem tilgreindur er í umsókn hverju sinni og eins nálægt 1. Maí eða sumardegnum fyrsta og auðið er.

**gr.3.3** Keppt skal um farandgrip í öllum deildum. Auk þess skulu 3 efstu lið hvernar deildar hljóta verðlaun.

**gr.3.4** Keppt skal í deildum. Í hverri deild eru 7 lið. Leikin er einföld umferð. Ár hvert færast tvö neðstu liðin niður í næstu deild og efstu tvö lið þeirrar deildar færast upp. Öldungur tekur ákvörðun um ráðstöfun lausra sæta í deildinni þegar lið mæta ekki til leiks.

**gr.3.5** Hver leikur er uppá 2 unnar hrinur, leikið skv. svokallaðri „rally point“ stigagjöf. Leikið er uppí 25 stig nema í oddahrinu upp í 15 stig. Hrina endar í 25 eða 15 stigum þó svo að aðeins eitt stig skilji lið að. Lið fær 1 stig fyrir unna hrinu í stigakeppni mótsins. Séu lið jöfn að stigum ræður hlutfall unninna og tapaðra hrina, sé það jafnt ræður skorhlutfall, það er unnin/töpuð stig. Sé skorhlutfall jafnt sker innbyrðis viðureign úr um röð. Nethæð í karladeildum er 2,35 m en í kvennadeildum 2,18 m. Hvoru liði er heimilt að taka eitt [1] leikhlé í hverri hrinu. Í mótinu er leyfður svonefndur frelsingi. Að öðru leyti gilda leikreglur BLÍ um blakkeppnina sjálfa.

**gr.3.6** Þátttökutilkynningar liða skal senda öldunganefnd eigi síðar en 30 dögum fyrir mót og skal þátttökugjald, sem er ákveðið af mótshaldara, fylgja tilkynningunni. Þátttökulið skulu senda öldunganefnd nafn og kennitölu allra keppenda og bera liðin fulla ábyrgð á að skráning leikmanna sé í samræmi við grein 1.2. Skráning liðsmanna skal vera lokið amk 10 dögum áður en mótið hefst. Leikmaður tilheyrir því liði sem hann hefur leik með. Lið sem verður uppvíst að ólöglegri liðsskipan tapar leiknum 2 – 0 (25-0, 25-0).

**gr.3.7** Öldungaráð er skipað þremur síðustu öldungum, til vara koma næstu öldungur á undan í röð (fjórði síðasti, fimmti síðasti o.s.frv.). Síðasti öldungur er formaður öldungaráðs. Öldungaráð er öldunganefnd til ráðuneytis. Öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma varðandi starf öldunganefndar og framkvæmd öldungamóta, skal vísað til öldungaráðs og er úrskurður þess endanlegur. Skriflegum kærum skal skilað innan 30 mínútna eftir að viðkomandi leik lýkur og skal henni fylgja greiðsla kr. 5.000, sem endurgreiðist ef kæran er tekin til greina. Dómarar leiks geta staðfest móttöku kæru ef ekki næst í öldung eða mótshaldara.

### **Fjórði kafli – Öldungaping**

**gr.4.1** Öldungaping skal haldið í tengslum við Öldungamótið. Öldunganefndin skal sjá um framkvæmd þess. Miða skal við kvöld fyrsta keppnisdags ef unnt er. Rétt til setu á Öldungapingi hafa allir þátttakendur á Öldungamótinu ár hvert. Á Öldungapingi hver hvert þátttökulið með 1 atkvæði. Á öldungapingi ræður einfaldur meirihluti.

Mál sem lögð eru fyrir þingið skulu berast Öldungi eigi síðar en 21 degi fyrir fyrsta mótssdag.

Dagskrá þingsins er svohljóðandi;

- a) Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða
- b) Kosning Öldungs næsta Öldungamóts
- c) Breytingar á reglugerð um Öldunagmót BLÍ, er lagðar verða fyrir næsta ársþingi BLÍ.
- d) Önnur mál.

**gr.4.2** Þar sem reglur þessar ná ekki til, þá skulu reglur BLÍ gilda.

**gr.4.3** Reglur þessar öðlast gildi frá og með samþykki þeirra á ársþingi BLÍ.

Þannig samþykkt samhljóða ásamt umsóknareyðublaði á Öldungaþingi þann 28. apríl 2013

## 2. Kosning um öldung næsta móts

Tvö blakfélög hafa sóst eftir að halda 39. Öldungamót BLÍ árið 2014 og eru það KA og Þróttur Nes.

Eygló Birgisdóttir öldungaefni KA kynnti umsókn frá norðanmönnum og frá Þrótti Nes kom Sigurður J. Jóhannsson sem kynnti umsókn Þróttar Nes. Fundarstjóri opnaði svo fyrir spurningar frá fundarmönnum og komu eingöngu spurningar til Sigurðar er vörðuðu m.s. gistiþláss, skemmtanahald og fleira sem því tengdist. Sigurður svaraði fyrirspurnum og því næst var gengið til atkvæða. Fulltrúar frá 61 liði greiddu atkvæði. ( á lokahófi var tilkynnt að næsta mót yrði hjá KA á Akureyri )

## 3. Önnur mál

Nú bað fundarstjóri þá sem hefðu önnur mál að ræða að gefa sig fram, orðið væri laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og sleit þinginu kl. 23.15

*Kópavogi maí 2013*

*Hrafnhildur Theodórsdóttir, þingritari*

## Skýrsla dómaranefndar BLÍ

Eftir 7 ára óbreytta starfsemi dómaranefndar var ákveðið að fjölga í nefndinni og inn í dómaranefndina komu Ólafur J. Júlíusson og Lilja Margrét Hreiðarsdóttir og Jón Ólafur Valdimarsson var formaður nefndarinnar. Framkvæmdastjóri BLÍ var starfsmaður nefndarinnar en dómaranefndin sá nú um alla niðurröðun á leikjum sem og aðrar ákvarðanir sem varða dómaramál Blaksambandsins. Ávallt var reynt að ganga út frá að hafa reyndustu dómara á mikilvægustu leikjunum sem og að sem mestu hlutleysi væri gætt. Auk þess var samt reynt að virkja sem flesta áhugasama dómara og koma nýjum dómurum í starfið. Haldnir voru fjórir formlegir fundir hjá nefndinni auk óformlegra samskipta í formi tölvupósta, símtala og þegar viðkomandi aðilar hittust við ýmis tilefni.

Hinn árlegi dómara- og ritarafundur var haldinn 13. september 2012 á vegum nefndarinnar og stýrði formaður nefndarinnar honum. Slök mæting var á fundinn sem dómara nefndinni fanns óásættanlegt þar sem þetta er upplýsinga- og samráðsfundur milli dómara. Á fundinum var farið yfir ákveðin túlkunaratriði varðandi leikreglur, ritun leiksýrslu og öll tæknileg atriði varðandi dómgæslu. Þar var öllum gefið tækifæri á að koma með fyrirspurnir varðandi þau atriði sem þeim fannst óljós varðandi dómgæslu og málum tengd starfsemi dómara á vegum BLÍ. Þær upplýsingar sem komu fram á fundinum var síðan dreift til allra dómara og liða strax eftir fund svo allir væru með þetta nokkurn veginn á hreinu. Stefnt er að heils dags ráðstefnu íslenskra blakdómara í haust eða fyrir næsta keppnistímabil þar sem krafist verður skyldumætingar virkra dómara þannig að hægt verði að samræma dómgæsluna sem best, sérstaklega í ljósi laga- og leikreglnabreytinga sem eiga sér stað varðandi dómgæsluna næsta keppnistímabil.

Sama greiðslufyrirkomulag var fyrir dómgæsluna eins og hefur verið seinustu fimm keppnistímabil, þ.e. BLÍ greiðir dómurum í 2 greiðslum fyrir deildarleikina. Fyrir úrslitakeppni bikarkeppninnar og Íslandsmótsins er þeim dómurum sem þar dæma greitt að lokinni keppni. Stjórn BLÍ ákvað að hækka greiðslu fyrir dómgæslu í 1. og 2. deildinni aftur fyrir þetta tímabil svo hægt væri að tryggja það að manna dómgæslu á leiki með góðu móti og að dómara tækju starf sitt alvarlega. Gjaldið fyrir efstu deild var hækkað í 7.500 kr. á dómara og 5.500 kr. á dómara í leikjum 2. deildar. Greiðsla fyrir dómgæslu á dómara í leik í 3. - 6. deildar kvenna og 3. deildar karla var hækkuð í 3.000 kr. á leik enda þar einungis spilað upp á 2 unnar hrinur. Einnig var ákveðið að greiða 8.000 kr. á dómara í leik í undanúrslitum Íslandsmóts og bikarkeppni og 9.000 kr. á dómara í leik í úrslitum Íslandsmóts og bikarkeppni. Enn eru frekar fáir reyndir dómara í boði og flestir hafa einhver tengsl við ákveðin lið sem eru að keppa og því er oft snúið að púsla saman dómurum á leiki þegar margir mikilvægir leikir eru í gangi á sama tíma, samanber þegar lokaumferð deildarkeppnanna er spiluð á sömu helginni. En vonandi halda nýir og efnilegir dómara áfram að dæma svo þau mál verði í lagi í framtíðinni enda nauðsynlegt þar sem fjöldi leikja á hverju tímabili fer fjölgandi. Einnig var ákveðið að bæta við 2 línuvörðum við í úrslitakeppnum Íslandsmóts og bikarkeppni og fengu línuverðir smávægilega greiðslu fyrir.

Breyting var gerð á dómara námskeiðum og réttindum til héraðsdómara. Ákveðið var að dómara námskeið til héraðsdómara yrði helgarnámskeið og væri ætluð þeim sem sannarlega stefndu að dómgæslu í framtíðinni. Með viðameira námskeiði er ætlunin að undirbúa væntanlega dómara betur undir dómara starfið sem og fá frekar inn þá dómara sem stefna að dómgæslu í stað þess að mæta einungis til að fá betri skilning á leikreglunum sem oft er á þessum námskeiðum. Ekkert þannig dómara námskeið var haldið á þessu tímabili en búið er að ákveða að það námskeið verði í lok sumars 2013. Einnig var ákveðið að bjóðaupp á styttri námskeið sem tækju eina kvöldstund, leikreglunámskeið og leikskýrslunámskeið. Einnig væri hægt að setja bæði þessi námskeið saman í eitt námskeið og þeir sem sitja þessi námskeið fá réttindi til að dæma í neðri deildunum og á hraðmótum og yngri flokkamótum. En í þessum námskeiðum er ekki krafist að fólk taki próf eftir námskeið. Tvö leikreglu- og leikskýrslunámskeið voru haldin á árinu á Laugarvatni og í Kópavogi og eitt leikreglunámskeið var haldið í Hveragerði. Námskeiðshaldarar voru Jón Ólafur Valdimarsson, Sævar Már Guðmundsson og Ólafur J. Júlíusson.

Alls þurfti að raða niður dómurum á 576 leiki sem voru á vegum BLÍ og gekk það ágætlega fyrir sig þó að eitthvað væri um að upphaflegir dómara á leikjum forfölluðust en það fundust ávallt dómara í staðinn, með mismikilli fyrirhöfn þó, sem gerði það að verkum að sumir dómara voru virkari í dómgæslunni en aðrir. Sumir dómara voru búnir að gefa það út að þeir gætu dæmt takmarkað

þennan vetur vegna ýmissa ástæðna. Til að dæma þessa 576 blakleiki í öllum landshlutum hafði dómaranefnd BLÍ aðgang að 22 héraðsdómurum og 16 landsdómurum (sjá nöfn og fjölda dæmdra leikja í viðauka). Sumir af okkar dómurum eru enn að spila svo erfitt getur verið að manna störf dómara þegar margir leikir eru í gangi. Einnig sökum þessa að margir dómarar eru leikmenn, þjálfarar eða stjórnarmenn tiltekinna liða að þá getur oft verið erfitt að finna hæfa dómara sem teljast með öllu hlutlausir í tiltekna leiki eftir aðstæðum en það er trú nefndarinnar að allir dómarar dæma eins og á að dæma eftir reglum blaksins óháð því hvort þeir tengjast viðkomandi liðum eða ekki.

Því miður komu samt upp atvik þar sem dómarar mættu hreinlega ekki til leiks eða seint til leiks eftir að það var hringt á eftir þeim vegna ýmissa misgóðra ástæðna og var það svo að einum landsdómara sem ítrekað hafði klikkað var meinuð frekari dómgæsla á þessu keppnistímabili, þ.e. hann var tekinn af þeim leikjum sem eftir voru hjá honum og aðrir dómarar fundnir í staðinn. Því refsíákvæði verður beitt framvegis ef dómarar munu ítrekað klikka á mætingu í leiki enda ekki boðlegt fyrir keppnisliðin og alla sem standa að leikjum á vegum BLÍ.

Annað hvert ár er haldin ráðstefna á vegum dómaranefndar Evrópublaksambandsins þar sem forsvarsmenn dómaranefnda landa í Evrópu eða fulltrúar alþjóðlegra dómara í þeim löndum er boðið á til að fara yfir helstu mál í nútíma blakdómgæslu. Í ár var kominn tími á þessa ráðstefnu sérstaklega í ljósi leikreglubreytinga í blakinu og var hún haldin í Montreux í Sviss daganna 31. maí – 2. júní 2013. Jón Ólafur Valdimarsson formaður dómaranefndar BLÍ fór á þessa ráðstefnu fyrir hönd BLÍ. Þar voru áhugaverðir fyrirlestrar varðandi atriði í blakdómgæslu sem og umræður um það nýjasta í blakdómgæslu og púlsinn tekinn á dómgæslu landa í Evrópu. Mikil áhersla er nú á að fjölga kvenfólki í blakdómarastéttinni og var sérstaklega kallað eftir fulltrúa Íslands í þeim málaflokki og mun Lilja Margrét Hreiðarsdóttir vera fulltrúi Íslands. Nauðsynlegt er að fara á þessar ráðstefnur með reglulegu millibili svo hægt sé að miða dómgæsluna hér við þau viðmið sem sett eru í Evrópu og vera vel meðvituð um nýjungar í blakdómgæslu og hver þróunin á því sviði er.

Alþjóðablakdómarar okkar Leifur Harðarsson, Jón Ólafur Valdimarsson og Sævar Már Guðmundsson dæmdu þónokkra leiki erlendis á þessu tímabili. Þess má geta að Leifur Harðarson varð 55 ára á árinu 2012 en það er seinasta árið sem hann má starfa sem alþjóðlegur blakdómari. Þetta voru því hans seinustu verkefni í alþjóðlegri blakdómgæslu og vill dómaranefnd BLÍ veita honum bestu þakki fyrir brautryðjendastarf hans í alþjóðlegri blakdómgæslu fyrir Íslands hönd og á hann mikinn heiður skilinn fyrir sitt framlag enda verið glæsilegur fulltrúi Íslands á þessu sviði. Leifur dæmði leik Bretlands og Albaníu í 1. umferð Evrópukeppni landsliða í maí á síðasta ári og svo leik í Evrópukeppni félagsliða í Bergen í Noregi í nóvember. Jón Ólafur dæmði tvo leiki í undanriðli EM smáþjóða í Luxemborg og svo í Evrópukeppni félagsliða í Danmörku í október og í Noregi í janúar 2013. Jón Ólafur dæmði jafnframt sjö leiki í Kuortane í Finnlandi þar sem Nevza keppni U17 fór fram í september. Sævar dæmði tvo leiki í undanriðli EM smáþjóða á Möltu í lok maí á síðasta ári og svo leik í Evrópukeppni félagsliða í Finnlandi í nóvember. Þá dæmði hann einnig fimm leiki í Nevza keppni U19 í Kristiansand í Noregi í nóvember og að lokum fjóra leiki á Smáþjóðaleikunum í Luxemborg í maí 2013. Jón Ólafur hefur verið settur á þrjá leiki í Evrópudeild karlalandsliða í Danmörku í júní.

Dómaranefnd BLÍ hvetur leikmenn allra deilda, þjálfara og aðra forsvarsmenn liða að renna reglulega yfir leikreglurnar í blaki svo menn hafi sem bestan skilning á þeim þegar keppt er og séu því vel meðvitaðir um ákvarðanir dómarans hverju sinni. Einnig er mikilvægt að leikmenn og þjálfarar viti hvernig samskipti þeirra sé háttað við dómara í leikjum sem og við andstæðinga sína á vellinum. Því

miður koma alltaf upp atvik á hverju tímabili þar sem leikmenn eða þjálfarar eru að skammast í og úthúða dómurum að óþörfu í eða eftir leik vegna þess að viðkomandi er ekki með leikreglurnar á hreinu. En það er þó mat mitt að þetta hafi lagast mikið undanfarin keppnistímabil og samskipti milli dómara, leikmanna og þjálfara verið til mikillar fyrirmyndar þó svo einstaka sinnum missi menn sig í hita leiksins. Það sama á við um dómara að þeir haldi sig ávallt við efnið og rifja reglulega upp leikreglurnar enda er það þeirra að kunna þær 100%.

Eins og á hverju tímabili var eitthvað um að leikmenn og þjálfarar fengu gul eða rauð spjöld á tímabilinu. Nokkrir leikmenn tóku út leikbönn á árinu samkvæmt reglugerð aganefndar BLÍ út frá rauðum eða uppsöfnuðum gulum spjöldum. Nánar um stöðu spjalda og hverjir fengu spjöld er að finna í viðauka. Eitt formlegt erindi barst formanni dómaranefndar þar sem rauðu spjalði var andmælt og var því svarað og vísað til stjórnar BLÍ þar sem það er ekki hlutverk dómaranefndar að taka á þannig málum. Eitt mjög alvarlegt atvik kom upp á þar sem dómara var hótað líkamsmeiðingum eftir leik af einum leikmanni í undankeppni bikarkeppninnar og viðkomandi dómari gaf beint útilokun fyrir það. Það mál fór til aganefndar BLÍ þar sem viðkomandi leikmaður var dæmdur í 2ja leikja bann sem dómaranefnd fannst allt of væg refsing miðað við alvarleika brots. Dómaranefnd sendi því formlegt bréf til aganefndar BLÍ þar sem þessu var andmælt og krafist frekari útskýringa á en formlegt svar barst ekki dómaranefndinni sem er óásættanlegt að hennar mati og er eitthvað sem stjórn BLÍ þar að taka á og útskýra af hverju þetta svar barst ekki. Einnig kom upp atvik sem fór inn á síðu eins leikmanns á Facebook þar sem kvartað var yfir útstrikun athugasemda fyrirliða heimaliðs af aðaldómara. Um þetta urðu miklar umræður á síðunni og í ljós kom að aðaldómari var í fullum rétti að gera þetta og málið leystist farsælslega og um leið verkferlar varðandi þetta settir í betri farveg. Dómaranefnd BLÍ vill að sjálfsögðu fá uppbyggilega gagnrýni inn á sitt borð til að laga það sem betur má fara en um leið vill hún að það sé gert með réttum leiðum og á réttum forsendum sem er að koma þeim málum beint til hennar. Opinberir miðlar, eins og Facebook, eru kannski ekki rétta leiðin sérstaklega þegar farið er með rangfærslu eða a.m.k. ekki athugað hvort gagnrýnin eigi rétt á sér.

Það er von dómaranefndar að gæði blaks og blakdómgæslu muni aukast á komandi árum og er það markmið nefndarinnar að stuðla að góðri dómgæslu og umgjörð kringum hana á mótum BLÍ. Einnig vil ég í leiðinni minna félög á að þau eiga að tilnefna tvo dómara sem dæma fyrir þeirra hönd fyrir hvert keppnistímabil og að sinna þeirri skyldu af samviskusemi.

Að lokum vil ég fyrir hönd dómaranefndar BLÍ færa öllum þeim sem dæmdu í okkar nafni í vetur bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

*Virðingarfyllt,*

*Jón Ólafur Valdimarsson*

*Formaður dómaranefndar BLÍ keppnistímabilið 2012 – 2013*

## Skýrsla Landsliðsnefndar

Landsliðsnefnd BLÍ skipa Stefán Jóhannesson, formaður, Svala Vignisdóttir, Aðalsteinn Einar Eymundsson og Mundína Ásdís Kristinsdóttir. Nefndin starfaði bæði með formlegum og óformlegum hætti. Meginverkefni nefndarinnar er stefnumótun fyrir A- landsliðin, ráðning landsliðspjálfa og aðstoð og umsýsla við landsliðsverkefni. Einnig er undir hatti nefndarinnar að halda utan um unglingalandsliðsmál.

Undanfarin tvö ár hefur BLÍ verið í samningaviðræðum við Sportís um skó og búninga á landsliðin frá Asics. Enn hefur sú vinna ekki skilað tilætluðum árangri er varðar búninga en landsliðsmenn hafa fengið skó frá Asics. Á næstu misserum er von á að landsliðin fái Asicsbúninga ef vel tekst að semja um það við Sportís.

### Karlalandslið Íslands

Á starfsárinu sem nú er að ljúka lék karlalandsliðið 11 landsleiki. Þjálfari liðsins árið 2012 var Zdravko Demirev en undir hans stjórn spilaði liðið í undankeppni EM Smáþjóða á Möltu 25.-27. maí. Sá hópur sem lék þá 4 landsleiki taldi aðeins 9 leikmenn:

| Karlalandsliðið 2012         | Félag            | leikir |
|------------------------------|------------------|--------|
| Orri Þór Jónsson             | HK               | 24     |
| Emil Gunnarsson              | Stjarnan         | 98     |
| Alexander Stefánsson         | HK               | 21     |
| Kristján Valdimarsson        | Marienlyst       | 27     |
| Hafsteinn Valdimarsson       | Marienlyst       | 27     |
| Róbert Karl Hlöðversson      | Stjarnan         | 58     |
| Vignir Þröstur Hlöðversson   | Stjarnan         | 98     |
| Kolbeinn Tumi Baldursson     | HK               | 4      |
| Lúðvík Már Matthíasson       | HK               | 4      |
| Zdravko Demirev              | Þjálfari         |        |
| Michael Overhage             | Aðstoðarþjálfari |        |
| Unnur Bryndís Guðmundsdóttir | Sjúkraþjálfari   |        |
| Sævar Már Guðmundsson        | Dómari           |        |

Karlaliðið fór til Kölner í æfingaferð dagana fyrir mótið í Möltu og lék m.a. æfingaleik við sterkt lið í Þýskalandi. Liðið komst ekki upp úr riðlinum eins og vonast var til og endaði í fjórða sæti í fimm liða riðli.

### Karlalandslið Íslands, Undankeppni EM Smáþjóða á Möltu 2012.

| Dags.     | Heimalið   | Útilið | Völlur | Úrslit                         |
|-----------|------------|--------|--------|--------------------------------|
| 25.5.2012 | San Marino | Ísland | Malta  | 3-1 (25-22,21-25,25-17,25-20)  |
| 26.5.2012 | Monakó     | Ísland | Malta  | 3-0 (25-17,25-20,25-13)        |
| 27.5.2012 | Ísland     | Kýpur  | Malta  | 1-3 (25-21,20-25,22-25, 18-25) |
| 27.5.2012 | Ísland     | Malta  | Malta  | 3-0 (25-13,25-15,25-9)         |

Í byrjun ágúst 2012 ákvað stjórn BLÍ að senda bæði A landsliðin í blaki í undankeppni HM í fyrsta sinn. Landsliðsnefndin hófst strax handa við undirbúning því ljóst var að mögulega myndu liðin spila um áramótin. Í ljós kom að ekki var nægilegur fjöldi þátttökupjóða til að byrja það snemma í keppninni þó að metþátttaka væri frá liðum í Evrópu og ákveðið að leikið yrði í lok maí 2013. Þá lá ljóst fyrir að bæði liðin myndu fara á Smáþjóðaleikana í Luxembourg frá 27. maí til 1. júní.

Landsliðsnefnd BLÍ réð Apostol Apostolov sem landsliðsþjálfara karlalandsliðsins og valdi hann 22 leikmenn í forvali í liðið í nóvember 2012. Æfingar voru stopular þangað til eftir leiktímabilið en eftir það fór allt á fullt og lokahópurinn var gefinn út fyrir bæði verkefnið í byrjun maí.

Apostolov þurfti að velja tvo mismunandi hóp á því á Smáþjóðaleikunum var heimild til þess að tefla fram erlendum ríkisborgurum sem höfðu haft aðsetur á Íslandi í a.m.k. þrjú síðustu ár. Piotr Kempisty og Filip Szewczyk voru þar með valdir í liðið fyrir Smáþjóðaleikana.

| Karlalandsliðið 2013       | Félag      | leikir |
|----------------------------|------------|--------|
| Orri Þór Jónsson           | HK         | 31     |
| Alexander Stefánsson       | HK         | 28     |
| Reynir Árnason             | HK         | 21     |
| Valgeir Valgeirsson        | HK         | 12     |
| Kristján Valdimarsson      | Marienlyst | 34     |
| Hafsteinn Valdimarsson     | Marienlyst | 34     |
| Ingólfur Hilmar Guðjónsson | HK         | 17     |
| Filip Szewczyk             | KA         | 9      |
| Piotr Kempisty             | KA         | 5      |
| Kjartan Fannar Grétarsson  | Þróttur R  | 13     |
| Halldór Ingi Kárasen       | Þróttur R  | 7      |
| Róbert Karl Hlöðversson    | Stjarnan   | 65     |
| Vignir Þröstur Hlöðversson | Stjarnan   | 101    |
| Lúðvík Már Matthíasson     | HK         | 11     |
| Theódór Óskar Þorvaldsson  | HK         | 7      |
| Apostol Apostolov          | Þjálfari   |        |
| Vignir Þröstur Hlöðversson | Aðst.þj.   | Smáþj. |
| Stefán Jóhannesson         | Liðsstjóri |        |
| Sævar Már Guðmundsson      | Dómari     |        |

Á æfingatímabilinu þurftu Ingólfur Hilmar Guðjónsson og Piotr Kempisty að draga sig út úr hópnum af persónulegum ástæðum og því endaði þetta með því að 13 leikmenn fóru til Halmstad og Luxemborgar en Vignir var leikmaður liðsins í Svíþjóð og Filip aðstoðarþjálfari og svo öfugt í Luxemborg.

Tveir nýliðar voru í hópnum, þeir Halldór Ingi Kárasen og Theódór Óskar Þorvaldsson og fengu þeir afhent bronsmerki BLÍ frá Stefáni Jóhannessyni fararstjóra. Vignir Þröstur Hlöðversson lék sinn 100. landsleik fyrir Íslands hönd laugardaginn 25. maí og óskar BLÍ honum til hamingju með þann merka áfanga.

#### Karlalandslið Íslands, undankeppni HM í Halmstad og Smáþjóðaleikar í Luxemborg 2013.

| Dags.     | Heimalið   | Útilið  | Völlur     | Úrslit                    |
|-----------|------------|---------|------------|---------------------------|
| 24.5.2013 | Svíþjóð    | Ísland  | Halmstad   | 3-0 (25-16,25-18,25-15)   |
| 25.5.2013 | Grikkland  | Ísland  | Halmstad   | 3-0 (25-8, 25-13, 25-12)  |
| 26.5.2013 | Ísland     | Noregur | Halmstad   | 0-3 (13-25,16-25,14-25)   |
| 28.5.2013 | Luxemborg  | Ísland  | Coque, LUX | 3-0 (25-23, 29-27, 25-15) |
| 30.5.2013 | Kýpur      | Ísland  | Coque, LUX | 3-0 (25-11, 25-17, 25-17) |
| 31.5.2013 | San Marino | Ísland  | Coque, LUX | 3-0 (25-21,25-22,25-23)   |
| 1.6.2013  | Ísland     | Mónakó  | Coque, LUX | 0-3 (20-25, 19-25, 17-25) |



Karlandsliðið tafaði öllum sínum leikjum í verkefnum vorsins 2013. Liðið stóð sig vel í Halmstad gegn sterkum þjóðum og fékk góða umsögn í mótinu. Árangur liðsins á Smáþjóðaleikum var hinsvegar langt undir væntingum og ekki ásættanlegur í þeirri keppni.

## Kvennlandslið Íslands

Kvennlandsliðið spilaði 9 leiki á þessu starfsári. Þjálfari liðsins árið 2012 var Apostol Apostolov en undir hans stjórn spilaði liðið í undankeppni EM Smáþjóða í Luxemborg í maí 2012. Liðið spilaði þrjá leiki í Luxemborg gegn San Marino, Luxemborg og Færeyjum en hópurinn taldi 12 leikmenn

| Kvennlandsliðið 2012         | Félag       | leikir |
|------------------------------|-------------|--------|
| Fríða Sigurðardóttir         | HK          | 71     |
| Helena Kristín Gunnarsdóttir | HK          | 19     |
| Birta Björnsdóttir           | HK          | 19     |
| Auður Anna Jónsdóttir        | KA          | 7      |
| Hjördís Eiríksdóttir         | Stjarnan    | 15     |
| Miglena Apostolova           | Afturelding | 37     |
| Velina Apostolova            | HK          | 19     |
| Lilja Einarsdóttir           | Þrótti N    | 4      |
| Berglind Gígja Jónsdóttir    | HK          | 3      |
| Kristina Apostolova          | Afturelding | 3      |
| Guðrún Elva Sveinsdóttir     | Afturelding | 3      |
| Ásthildur Gunnarsdóttir      | Stjarnan    | 14     |
| Apostol Apostolov            | Þjálfari    |        |
| Mundína Kristinsdóttir       | Liðsstjóri  |        |
| Jón Ólafur Valdimarsson      | Dómari      |        |

Fyrir ferðina til Luxemborgar var farið í æfingabúðir til Kölmar í nokkra daga. Þar voru æfingar og leikinn æfingaleikur gegn félagsliði. Árangur liðsins í Luxemborg var þriðja sæti eftir tvo tapleiki og 1 sigurleik.

## Kvennlandslið Íslands, Undankeppni EM Smáþjóða í Luxemborg 2012.

| Dags.     | Heimalið  | Útilið     | Völlur     | Úrslit                           |
|-----------|-----------|------------|------------|----------------------------------|
| 25.5.2012 | Ísland    | San Marino | Coque, LUX | 1-3 (25-21, 23-25, 21-25, 19-25) |
| 26.5.2012 | Luxemborg | Ísland     | Coque, LUX | 3-0 (25-21, 25-20, 25-14)        |
| 27.5.2012 | Færeyjar  | Ísland     | Coque, LUX | 0-3 (19-25, 14-25, 21-25)        |

Landsliðsnefnd BLÍ ákvað að ráða Matthías Haraldsson þjálfara fyrir kvennlandsliðið haustið 2012. Matthías fékk Einar Sigurðsson sem aðstoðarþjálfara og völdu þeir 22 leikmenn í forvalshóp í desember. Fyrstu æfingar voru í byrjun janúar og hittist hópurinn við og við yfir tímabilið. Að lokum völdu þjálfararnir þá 12 leikmenn sem myndu leika bæði í undankeppni HM og á Smáþjóðaleikunum í Luxemborg.



| Kvennalandsliðið 2013     | Félag           | leikir |
|---------------------------|-----------------|--------|
| Fríða Sigurðardóttir      | HK              | 77     |
| Hulda Elma Eysteinsdóttir | Þróttur N       | 29     |
| Birta Björnsdóttir        | HK              | 25     |
| Auður Anna Jónsdóttir     | Afturelding     | 13     |
| Hjördís Eiríksdóttir      | Stjarnan        | 21     |
| Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir  | Þróttur N       | 36     |
| Elsa Sæný Valgeirsdóttir  | HK              | 55     |
| Erla Rán Eiríksdóttir     | Þróttur N       | 22     |
| Berglind Gígja Jónsdóttir | HK              | 9      |
| Kristina Apostolova       | Afturelding     | 9      |
| Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir | VC Kanti        | 46     |
| Ásthildur Gunnarsdóttir   | Stjarnan        | 20     |
| Matthías Haraldsson       | Þjálfari        |        |
| Einar Sigurðsson          | Aðst.þjálfari   |        |
| Mundína Kristinsdóttir    | Sjúkrapþjálfari |        |
| Sævar Már Guðmundsson     | Liðsstjóri      | LAT    |

Elsa Sæný Valgeirsdóttir spilaði sinn 50. landsleik gegn Litháen og fékk afhent silfurmerki sambandsins á fundi liðsins þann 25. maí. Sævar Már Guðmundsson liðsstjóri í Lettlandi afhenti merkið.

#### Kvennalandslið Íslands, undankeppni HM í Daugavpils í Lettlandi og Smáþjóðaleikar í Luxemborg 2013.

| Dags.     | Heimalið  | Útilið     | Völlur     | Úrslit                           |
|-----------|-----------|------------|------------|----------------------------------|
| 24.5.2013 | Litháen   | Ísland     | Daugavpils | 3-0 (25-15,25-12,25-18)          |
| 25.5.2013 | Ísland    | Eistland   | Daugavpils | 0-3 (16-25, 15-25, 10-25)        |
| 26.5.2013 | Ísland    | Lettland   | Daugavpils | 0-3 (16-25, 21-25, 19-25)        |
| 29.5.2013 | Kýpur     | Ísland     | Coque, LUX | 3-0 (25-22, 25-11, 25-20)        |
| 30.5.2013 | Luxemborg | Ísland     | Coque, LUX | 3-1 (25-17, 25-21, 22-25, 25-18) |
| 31.5.2013 | Ísland    | San Marino | Coque, LUX | 1-3 (18-25, 14-25, 25-22, 15-25) |

Líkt og karlarnir töpuðu konurnar öllum sínum leikjum en unnu þó tvær hrinur. Liðið stóð sig frábærlega gegn sterkum liðum í Lettlandi en náði ekki takti á Smáþjóðaleikunum þar sem þær hefðu átt að gera betur enda stefnan ævinlega tekin á verðlaunasæti á Smáþjóðaleikum.

#### Unglingalandslið Íslands

Unglingalandslið BLÍ eru fjögur talsins. Öll liðin tóku þátt í Norðurlandamóti unglinga á síðasta ári en U17 var haldið í Kuortane í Finnlandi og U19 var haldið í Kristiansand í Noregi.

U17 ára karla og kvenna kepptu dagana 7.-9. september 2012. Íslensku stúlkurnar enduðu í 5. sæti mótsins eftir sigurleik gegn Færeyjum. Strákarnir höfnuðu í 4. sæti eftir að hafa unnið Færeyjar en leikurinn endaði í oddahrinu þar sem okkar drengir voru sterkari. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkar landslið að taka þátt í keppni sem þessum en þarna komast flestir í tæri við alvöru blak og alvöru leiki í fyrsta sinn. Í karlaflokki vann Finnland sinn 7. titil síðan keppnin byrjaði árið 2004, Danir höfnuðu í 2. sæti og Svíar í því þriðja. Í kvennaflokki unnu þær dönsku gullið eftir 5 hrinu leik gegn Finnlandi. Svíar unnu bronsleikinn gegn Englandi.

Fararstjórn í Kuortane var skipuð þeim Nataliu Ravva og Magnúsi Aðalsteinssyni. Brynjar Pétursson þjálfari drengjaliðið og Emil Gunnarsson þjálfari stúlknaliðið. Jón Ólafur Valdimarsson með í ferðinni sem dómari.

U19 ára drengir og stúlkur kepptu dagana 16.-18. nóvember 2012 í Kristiansand í Noregi. Mótið tókst vel og komu stúlkurnar heim með bronsverðlaun eftir glæsilega sigur gegn Færeyjum í bronsleiknum. Strákarnir töpuðu bronsleiknum gegn Færeyjum en aðeins fjórar þjóðir tóku þátt í mótinu, Ísland, Færeyjar, Noregur og Danmörk.

Fararstjóri U19 ára ferðarinnar var Stefán Jóhannesson með drengina og Kristín Reynisdóttir með stúlkurnar. Emil Gunnarsson var þjálfari stúlknaíðsins og Filip Szewczyk þjálfaði drengina en komst ekki með til Noregs vegna fæðingar sonar síns þannig að Magnús Aðalsteinsson tók við sem þjálfari í mótinu. Sævar Már Guðmundsson var dómari í mótinu og ferðaðist með liðinu til Noregs.

### Leikmenn unglingalandsliðanna 2012

| <u>U 17 Stúlkur</u>        |             | <u>U17 Drengir</u>         |             |
|----------------------------|-------------|----------------------------|-------------|
| Nafn                       | Félag       | Nafn                       | Félag       |
| Sóley Ásta Sigvaldadóttir  | KA          | Bergur Dagbjartsson        | UMFG        |
| Bergþóra Þórarinsdóttir    | Stjarnan    | Benedikt Rúnar Valtýsson   | KA          |
| Alda Ólína Arnarsdóttir    | KA          | Egill Þorri Arnarson       | Stjarnan    |
| Ásta Lilja Harðardóttir    | KA          | Sigurjón Karl Viðarsson    | KA          |
| Hanna María Friðriksdóttir | HK          | Gunnar Pálmi Hannesson     | KA          |
| Hólmfríður Ásbjarnardóttir | KA          | Hallgrímur Snær Andrésson  | HK          |
| Thelma Dögg Grétarsdóttir  | Afturelding | Lúðvík Már Matthíasson     | HK          |
| Mariam Eradze              | HK          | Sindri Engilbertsson       | Stjarnan    |
